1985






Tómas Guðjónsson varð tvöfaldur Íslandsmeistari í borðtennis um helgina, sigraði í einliða- og tvíliðaleik. DV-mynd Brynjar Gauti.

# „Ég var tæpur á að komast í úrslitaleikinn"

## — sagði Tómas Guðjónsson, KR, eftir að hann hafði orðið Íslandsmeistari í einliðaleik karla í borðtennis

„Ég var tæpur á því að komast í úrslitaleikinn, í undanúrslitum lenti ég á móti Kristni Má og vann hann naumlega, 21—19, í síðustu lotunni," sagði Tómas Guðjónsson, KR, eftir að hafa sigrað Stefán Konráðsson í Stjörnunni í úrslitum einliðaleiksins, 3—2, í Laugardalshöll í gær. Það blés ekki byrlega fyrir Tómasi í úrslitaleiknum, hann tapaði tveimur fyrstu lotunum, 15—21 og 17—21, og þurfti því að vinna þrjár síðustu loturnar, það tókst honum, 21—18, 21—5 og 21—15, og hann er því Íslandsmeistari í einliðaleik annað árið í röð. Hilmar Konráðsson, Víkingi, lenti í þriðja, vann Kristin Má.

Tómas varð einnig hlutskarpastur í tvíliðaleik, lék þar með nafna sínum Sölvasyni og þeir sigruðu þá Stefán og Hilmar Konráðssyni eftir fimm lotur, 3—2, 14—21, 21—16, 21—19, 17—21 og 21—11.

Stefán, sem af mörgum var talinn sigurstranglegastur fyrir keppnina, fór þó ekki gulllaus af mótinu, hann bar, ásamt Ragnhildi Sigurðardóttur, sigur úr býtum í tvenndarleiknum, þau unnu Tómas Guðjónsson og Elísabetu Ólafsdóttur örugglega í úrslitunum, 3—0, 21—16, 21—8 og 21—19.

Í kvennaflokknum bar mikið á Ragnhildi, hún vann Sigrúnu Bjarnadóttir í úrslitum einliðaleiksins, 3—0, 21—9, 21—17 og 21—16, Elísabet Ólafsdóttir vann Hafdísi Ásgeirsdóttur í leik um þriðja sætið.

Sigrún vann ásamt Kristínu Njálsdóttur tvíburasysturnar Ragnhildi og Ernu Sigurðardóttur í úrslitum tvíliðaleiksins, 3—2, 12—21, 18—21, 21—17, 21—18 og 21—17.

## „Átti von á sigri"

„Ég átti von á því að sigra í einliðaleiknum en ekki 3—0 í úrslitum," sagði Ragnhildur Sigurðardóttir eftir að hafa sigrað í úrslitum einliðaleiksins.

„Ég var vel undirbúin, fór í æfingaferð til Danmerkur og HM í Svíþjóð. Úrslitaleikurinn með Ernu tvíburasystur í tvíliðaleiknum var erfiðasti leikurinn sem ég spilaði," sagði nýkrýndur Íslandsmeistari í einliða- og tvenndarleik, Ragnhildur Sigurðardóttir.

ÍÞRÓTTIR

*Borðtennis*

# Tómas vann upp forskot Stefáns

*Íslandsmeistari eftir að hafa lent 0-2 undir. Ragnhildur örugg í kvennaflokki og þau Tómas urðu tvöfaldir meistarar*



Ragnhildur Sigurðardóttir

Tómas Guðjónsson

Myndir: E.Ól.

**Ragnhildur Sigurðardóttir, UMSB, og Tómas Guðjónsson, KR, urðu í fyrrakvöld Íslandsmeistarar í einliðaleik kvenna og karla í borðtennis, en Íslandsmótið fór fram í Laugardalshöllinni um helgina. Þau urðu bæði tvöfaldir meistarar, Ragnhildur sigraði einnig í tvenndarleik ásamt Stefáni Konráðssyni og Tómas í tvíliðaleik karla ásamt Tómasi Sölvasyni.**

Þegar tvær lotur voru búnar í úrslitunum í einliðaleik karla benti allt til þess að Stefán Konráðsson, Stjörnunni, ynni öruggan sigur á Tómasi. Stefán lék vel og vann fyrstu tvær sannfærandi, 21-15 og 21-12. En Tómas er reyndur keppnismaður og hann náði að vinna þriðjum lotuna 21-18. Sú fjórða endaði með algerum yfirburðasigri Tómasar, 21-5, og þá var ljóst að hann hafði náð undirtökunum í einvíginu, öryggi Stefáns var rokið útí veður og vind. Tómas vann svo síðustu lotuna nokkuð sannfærandi, 21-15, og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn. Sigraði 3-2. Hilmar Konráðsson, Víkingi, varð síðan þriðji.

Ragnhildur þurfti talsvert skemmri tíma til að sigra Sigrúnu Bjarnadóttur, UMSB, í úrslitum einliðaleiks kvenna. Ragnhildur vann fyrstu lotuna auðveldlega, 21-9, og spurði Sigrúnu um hana miðja hvort hún ætlaði ekki að fara að byrja. Sigrún hélt síðan betur í við hana það sem eftir var en Ragnhildur hafði undirtökin og vann 21-17 og 21-16, úrslit 3-0. Hafdís Ásgeirsdóttir, KR, hafnaði í þriðja sæti.

Stefán og Ragnhildur unnu öruggan sigur á Tómasi G. og Elísabetu í úrslitum tvenndarleiksins, 21-16, 21-8 og 21-19. Kristinn Már Emilsson, KR, og Sigrún Bjarnadóttir, UMSB, höfnuðu í þriðja sæti.

Kristín Njálsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir unnu frækinn sigur á tvíburunum Ragnhildi og Ernu Sigurðardætrum í alborgfirskum úrslitaleik í tvíliðaleik kvenna. Tvíburarnir unnu fyrstu tvær loturnar, 21-12 og 21-18, en Kristín og Sigrún sýndu mikið keppnisskap og unnu þrjár, 21-17, 21-18 og 21-17, og leikinn þar með 3-2. Elísabet Ólafsdóttir og Hafdís Ásgeirsdóttir úr KR urðu í þriðja sæti.

Tómasarnir, Guðjónsson og Sölvason, sigruðu Stefán Konráðsson og Hilmar Konráðsson í úrslitum tvíliðaleiks karla, 3-2. Loturnar enduðu 14-21, 21-16, 21-19, 17-21 og 21-11. Jafnt og tvísýnt, þar til Tómasarnir unnu úrslitalotuna á afar sannfærandi hátt. Kristján Jónasson og Kristján Viðar Haraldsson urðu í þriðja sæti.

–VS

1985






Tómas Guðjónsson varð tvöfaldur Íslandsmeistari í borðtennis um helgina, sigraði í einliða- og tvíliðaleik. DV-mynd Brynjar Gauti.

# „Ég var tæpur á að komast í úrslitaleikinn"

## — sagði Tómas Guðjónsson, KR, eftir að hann hafði orðið Íslandsmeistari í einliðaleik karla í borðtennis

„Ég var tæpur á því að komast í úrslitaleikinn, í undanúrslitum lenti ég á móti Kristni Má og vann hann naumlega, 21—19, í síðustu lotunni," sagði Tómas Guðjónsson, KR, eftir að hafa sigrað Stefán Konráðsson í Stjörnunni í úrslitum einliðaleiksins, 3—2, í Laugardalshöll í gær. Það blés ekki byrlega fyrir Tómasi í úrslitaleiknum, hann tapaði tveimur fyrstu lotunum, 1[illegible]—21 og 17—21, og þurfti því að vinna þrjár síðustu loturnar, það tókst honum, 21—18, 21—5 og 21—15, og hann er því Íslandsmeistari í einliðaleik annað árið í röð. Hilmar Konráðsson, Víkingi, lenti í þriðja, vann Kristin Má.

Tómas varð einnig hlutskarpastur í tvíliðaleik, lék þar með nafna sínum Sölvasyni og þeir sigruðu þá Stefán og Hilmar Konráðssyni eftir fimm lotur, 3—2, 14—21, 21—16, 21—19, 17—21 og 21—11.

Stefán, sem af mörgum var talinn sigurstranglegastur fyrir keppnina, fór þó ekki gulllaus af mótinu, hann bar, ásamt Ragnhildi Sigurðardóttur, sigur úr býtum í tvenndarleiknum, þau unnu Tómas Guðjónsson og Elísabetu Ólafsdóttur örugglega í úrslitunum, 3—0, 21—16, 21—8 og 21—19.

Í kvennaflokknum bar mikið á Ragnhildi, hún vann Sigrúnu Bjarnadóttir í úrslitum einliðaleiksins, 3—0, 21—9, 21—17 og 21—16, Elísabet Ólafsdóttir vann Hafdísi Ásgeirsdóttur í leik um þriðja sætið.

Sigrún vann ásamt Kristínu Njálsdóttur tvíburasysturnar Ragnhildi og Ernu Sigurðardóttur í úrslitum tvíliðaleiksins, 3—2, 12—21, 18—21, 21—17, 21—18 og 21—17.

## „Átti von á sigri"

„Ég átti von á því að sigra í einliðaleiknum en ekki 3—0 í úrslitum," sagði Ragnhildur Sigurðardóttir eftir að hafa sigrað í úrslitum einliðaleiksins.

„Ég var vel undirbúin, fór í æfingaferð til Danmerkur og HM í Svíþjóð. Úrslitaleikurinn með Ernu tvíburasystur í tvíliðaleiknum var erfiðasti leikurinn sem ég spilaði," sagði nýkrýndur Íslandsmeistari í einliða- og tvenndarleik, Ragnhildur Sigurðardóttir.

-fros.

Morgunblaðið
íþróttir
B 1 ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL 1985



Morgunblaðið/Júlíus

● Stefán Konráðsson lék til úrslita gegn Tómasi Guðjónssyni, en tapaði naumlega eftir hörkukeppni. Eins og sjá má er Stefán einbeittur á svið, þar sem hann sveiflar spaðanum. Hann hefur verið einn fremsti borðtennisleikari Íslands um langt skeið.

23.04. MBL

## Íslandsmótið í borðtennis:

# Ragnhildur og Tómas meistarar

**ÍSLANDSMÓT karla og kvenna í borðtennis fór fram um helgina, í Laugardalshöll. Úrslit urðu þannig:**

**Einliðaleikur karla:**

Íslandsmeistari varð Tómas Guðjónsson KR, en hann sigraði Stefán Konráðsson Stjörnunni í úrslitum með 15—21, 12—21, 21—18, 21—5, 21—15. Í keppni um þriðja sætið sigraði Hilmar Konráðsson Víkingi, Kristinn Emilsson KR, með 12—21, 21—17, 22—20, 17—21, 21—15.

**Einliðaleikur kvenna:**

Íslandsmeistari varð Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB, en hún sigraði Sigrúnu Bjarnadóttur UMSB í úrslitum með 21—9, 21—17, 21—16. Í keppni um þriðja sætið sigrai Hafdís Ásgeirsdóttir KR, Elísabetu Ólafsdóttur KR, með 21—16, 11—21, 21—13, 23—25, 21—16.

**Tvíliðaleikur karla:**

Íslandsmeistarar urðu þeir Tómas Guðjónsson og Tómas Sölvason KR, en þeir sigruðu þá Stefán Konráðsson Stjörnunni og Hilmar Konráðsson Víkingi í úrslitum með 14—21, 21—16, 21—19, 17—21, 21—11. Í keppni um þriðja sætið sigruðu Kristján Jónasson og Kristján V. Haraldsson Víkingi þá Gunnar Birkisson og Vigni Kristmundsson Erninum, með 21—13, 6—21, 21—17, 21—13.

**Tvíliðaleikur kvenna:**

Íslandsmeistarar urðu þær Kristín Njálsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir UMSB, en þær sigruðu Ragnhildi Sigurðardóttur og Ernu Sigurðardóttur UMSB í úrslitum með 21—12, 18—21, 21—17, 18—21, 21—17. Í þriðja sæti urðu Hafdís Ásgeirsdóttir og Elísabet Ólafsdóttir KR.

**Tvenndarkeppni:**

Íslandsmeistarar urðu Stefán Konráðsson Víkingi og Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB, en þau sigruðu Tómas Guðjónsson og Elísabetu Ólafsdóttur KR í úrslitum með 21—16, 21—8, 21—19. Í keppni um þriðja sætið sigruðu Kristinn Emilsson KR og Sigrún Bjarnadóttir UMSB þau Guðmund Maríusson og Hafdísi Ásgeirsdóttur KR með 21—9, 22—20, 21—12.

Mótið fór vel fram og var hart barist eins og sést á úrslitum leikja, en í mörgum tilvikum varð að spila fimm lotur til þess að úrslit fengjust.

Þau Tómas Guðjónsson KR og Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB náðu að halda Íslandsmeistaratitlum sínum í einliðaleik.



Tómas Guðjónsson, Íslandsmeistari í borðtennis

## *Pósthólfið*

Tómas Guðjónsson, Íslandsmeistari í borðtennis kemur í pósthólfið í dag og ræðir við Valdísi Gunnarsdóttur um forkeppni í diskódansi sem fer fram nú um helgina, ár æskunnar og fleira. Valdís les skemmtileg bréf sem borist hafa úr ýmsum áttum og spilar ljúfa tónist. Rás 2 kl. 14.00.



NT
Þriðjudagur 23. apríl 1985

**LÚRIR ÞÚ Á FRÉTT?**
**HRINGDU ÞÁ Í SÍMA 68-65-62**

Við tökum við ábendingum um fréttir allan sólarhringinn. Greiddar verða 1000 krónur fyrir hverja ábendingu sem leiðir til fréttar í blaðinu og 10.000 krónur fyrir ábendingu sem leiðir til bitastæðustu fréttar mánaðarins. Fullrar nafnleyndar er gætt

**NT, Síðumúla 15, Reykjavík, sími: 686300, auglýsingar 18300**
Kvöldsímar: áskrift og dreifing 686300 ● ritstjórn 686392 og 687695 ● íþróttir 686495







■ Íslandsmeistarar í einliðaleik karla og kvenna. Tómas Guðjónsson KR og Ragnheiður Sigurðardóttir UMSB. Þau unnu bæði tvöfalt á mótinu.
NT-myndir Róbert.

**Íslandsmótið í borðtennis 1985:**

# Naumur sigur hjá Tómasi í einliðaleik í karlaflokki

**Vann Stefán Konráðsson 3-2 – Ragnhildur Sigurðardóttir vann kvennaflokkinn – Tómas og Ragnheiður tvöfaldir meistarar**

**■ Um helgina fór fram Íslandsmótið í borðtennis. Keppnin var í Laugardalshöll og var hörð og spennandi eins og búist var við.**

**Hæst bar úrslitaleikinn í einliðaleik karla en þar sigraði Tómas Guðjónsson KR eftir hörku úrslitaleik við Stefán Konráðsson Stjörnunni. Það var reyndar alveg á mörkunum að Tómas kæmist í úrslitaleikinn. Hann lenti á móti Kristni Emilssyni KR í undanúrslitum og vann hann 3-2. Síðasta hrinan í þeim leik endaði 21-19 fyrir Tómas.**

Í úrslitaleiknum lenti Tómas aftur í honum kröppum. Stefán komst í 2-0 (15-21 og 12-21) en þá tók Tommi við sér og smassaði í allar áttir – algjörlega óverjandi. Hann sigraði þrjár næstu hrinur 21-18 og 21-5 og 21-15.

Í einliðaleik kvenna var aldrei spurning um hver væri best Ragnhildur Sigurðardóttir UMSB sigraði Sigrúnu Bjarnadóttur UMSB í úrslitaleik 21-9, 21-17 og 21-16.

Ragnhildur lét ekki þar við sitja heldur vann hún einnig tvenndarkeppnina ásamt Stefáni Konráðssyni. Þau sigruðu Tómas og Elísabetu Ólafsdóttur KR í úrslitaleik 3-0.

Tómas vann líka til tveggja verðlauna á mótinu. Hann, ásamt nafna sínum Sölvasyni KR sigraði Stefán og Hilmar Konráðsson Víkingi í tvíliðaleik karla.

Óvæntustu úrslit mótsins urðu í tvíliðaleik kvenna.

Íþróttir 27.01.86/DV

ÁRIÐ 1986



Eiginkona Stefáns Konráðssonar tók við sigurlaunum hans fyrir að vera kjörinn íþróttamaður Garðabæjar.
DV-mynd Bjarnleifur.

## Stefán kjörinn íþróttamaður Garðabæjar

Stefán Konráðsson borðtennismaður var í gær kjörinn íþróttamaður Garðabæjar fyrir árið 1985. Stefán hefur undanfarin ár leikið borðtennis með stjörnunni og verið í fremstu röð. Hann vann það afrek í fyrra að vinna sex af átta mögulegum titlum og hann er nú stigahæstur á puntkamóti borðtennismanna. Vegna ferðar borðtennislandsliðsins á Evrópumeistaramótið í Gunnsey gat Stefán ekki tekið við verðlaunum sínum.

-fros



MBL 29.1.86

## Stefán íþróttamaður Garðabæjar

**STEFÁN Snær Konráðsson borðtennismaður úr Stjörnunni var kjörinn íþróttamaður ársins 1985 í Garðabæ. Stefán hefur æft borðtennis í 14 ár og verið í fremstu röð frá því hann hóf að æfa. Hann hefur 12 sinnum orðið Íslandsmeistari og á Íslandsmótinu í fyrra vann hann tvenn gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun auk þess sem hann vann sex mót af þeim átta sem hann tók þátt í hérlendis. Stefán er fyrsti Íslendingurinn sem nær því marki að leika 50 landsleiki í borðtennis en þeim merka áfanga náði hann á síðasta ári. Án efa er Stefán meðal okkar bestu borðtennisleikmanna og hann og Tómasi Guðjónssyni, eru meðal 100 bestu borðtennisspilara í Evrópu um þessar mundir. Stefán er nú á keppnisferðalagi með landsliðinu og gat því ekki veitt verðlaunum sínum móttöku en í hans stað tók eiginkona hans við bikarnum fyrir hans hönd.**



● Stefán Konráðsson.

## Stefán hefur aðeins betur

### — í punktakeppninni í borðtennis

Hörkukeppni er nú á milli þeirra Stefáns Konráðssonar, Stjörnunni, og Tómasar Guðjónssonar, KR, um punktahæsta leikmann ársins í borðtennis. Eftir Víkingsmótið, sem fram fór 18. janúar, hefur Stefán betur en staða efstu manna er þessi:

1. Stefán Konráðsson, Stja 99 punktar
2. Tómas Guðjónsson, KR ............84 -
3.-4. Kristján Jónasson, Vík .........23 -
3.-4. Kristinn Emilsson, KR..........23 -

Eins og sjá má eru yfirburðir þeirra Stefáns og Tómasar með ólikindum og verður fróðlegt að fylgjast með því hvor þeirra stendur uppi sem sigurvegari í lokin.

-SK.

## Stefnt að sæti í b-riðli EM

### – íslenska borðtennislandsliðið keppir í C-riðli Evrópumótsins í borðtennis sem hefst á morgun

Íslenska borðtennislandsliðið er nú í Luxemburg þar sem það dvelur í æfingabúðum fyrir c-riðil Evrópukeppninnar sem fram fer á eyjunni Guernsey á Miðjarðarhafi. Íslenska liðið hefur verið valið en það skipa þeir Stefán Konráðsson, Stjörnunni, Kristján Jónasson og Hilmar Konráðsson, Víkingi, og Sigrún Bjarnadóttir, UMSB. Tómas Guðjónsson, KR, gat ekki gefið kost á sér í liðið. Þjálfari er Sten Kyst Hansen.



● Kristján Jónasson, Víkingi, mun keppa á Evrópumótinu í Guernsey.

Miklir möguleikar eru bundnir við að landinn nái að vinna sér sæti í 2. deild. Liðinu tókst það reyndar síðast er keppnin fór fram en vegna breyttra reglna þurfti liðið að sitja áfram í c-riðlinum.

Mótherjar Íslands eru Malta, Guérnsey, Eyjan mön, og San Marino. Íslensku landsliðsmennirnir eru í mjög góðri æfingu um þessar mundir. Stefán er óneitanlega þeirra reyndastur og sá sem mestar vonir eru bundnar við en þeir Hilmar og Kristján eru í mjög góðri æfingu. Hilmar nýkominn úr æfingabúðum í Þýskalandi.

Evrópumótið hefst á morgun.

-fros

DV/28.01.86

25.01.86

Borðtennis:

## Landsliðið á EM

**ÍSLENSKA landsliðið í borðtennis heldur utan nú um helgina til þátttöku í Evrópukeppni landsliða, C-riðli. Steen Kyst Hansen landsliðsþjálfari hefur valið eftirtalda keppendur til fararinnar, landsleikir í sviga.**

| | |
|---|---|
| Stefán Konráðsson Stjörnunni | (57) |
| Kristján Jónasson Víkingi | (9) |
| Hilmar Konráðsson Víkingi | /27) |
| Sigrún Bjarnadóttir UMSB | (7) |

Einnig fer Gunnar Valsson Íslandsmeistari í unglingaflokki með liðinu. Hann er í Stjörnunni. Í riðli með Íslandi eru Malta, Jersey, Guernsey, San Marino, Portúgal og Mön.

Þó svo að íslenska liðið hafi staðið sig mjög vel í heimsmeistarakeppninni í borðtennis sl. vor, þar sem það vann sig upp um 12 sæti, ber að vara við of mikilli bjartsýni þar sem í Evrópukeppni landsliða er keppt eftir öðru fyrirkomulagi. Í þessu fyrirkomulagi eru spilaðir fjórir einliðaleikir karla, einn kvenna- og tvíliðaleikur og tvenndarleikur.

Mesta leikreynslu hefur Stefán Konráðsson og mun mikið á honum mæða þar sem hann mun að öllum líkindum spila alla einliðaleikina, tvíliða- og tvenndarleik. Hann ætti þó að geta staðið sig vel þar sem hann hefur staðið sig best erlendis af íslenskum leikmönnum gegnum tíðina.

Í liðið vantar Tómas Guðjónsson sem fékk sig ekki lausan úr vinnu og veikir það liðið nokkuð. Liðið mun leika landsleiki gegn Luxemborg á sunnudag og mánudag en heldur síðan til Guernsey en þar mun keppnin fara fram á föstudag og laugardag 31. janúar og 1: febrúar.

## Tómas sigraði

■ Um helgina fór fram fyrsta punktamótið í borðtennis á þessu tímabili. Keppt var í meistaraflokki og 1. flokki karla og var mótafyrirkomulagið þannig að menn féllu út úr keppni við annað tap.

Að venju voru það Stefán Konráðsson og Tómas Guðjónsson sem bitust um fyrsta sætið. Stefán fór taplaus í úrslitaleikinn en Tómas var með eitt tap á bakinu. Hinsvegar sigraði Tómas Stjörnumanninn Stefán tvisvar í röð og tryggði sér þar með fyrsta sætið. Vignir Kristmundsson, sem gamalreyndur er í íþróttinni, var svo í þriðja sætinu.




Hilmar Konráðsson: ,,Að nokkru leyti ævintýramennska hjá mér en mig langar til að vita hvar ég stend.''

# Hilmar leikur með þýsku félagsliði

### Landsliðsmaðurinn í borðtennis, Hilmar Konráðsson, fór utan til æfinga og keppni. Fyrsti borðtennismaðurinn sem keppir með erlendu félagi

Íslenskur borðtennismaður, Hilmar Konráðsson úr Víkingi, hélt um helgina út til Þýskalands til æfinga og keppni með þýsku félagi, TDC Bobart.

Það er mjög þröngur hópur sem iðkar borðtennis hérna og erfitt er að ná meira en sæmilegum árangri. Með förinni út tel ég mig vera að brjóta ísinn en Bobart en mjög sterkt félag í borðtennis. Þetta er að nokkru leyti ævintýramennska hjá mér en ég vil einnig sjá hvar ég stend, það ætti að vera hægt í Þýskalandi en landið er það eina sem heldur uppi atvinnumennsku í borðtennis svo einhverju nemur. Þá er um að gera að koma sér í góða þjálfun en stór verkefni eru nú framundan hjá landsliðinu, Evrópumeistaramótið sem fram fer í byrjun næsta árs. Eg get aðeins dvalið í mánuð þar sem ég þarf að koma heim og ljúka prófum,'' sagði Hilmar í samtali við DV um helgina.

Þýska liðið er frá bænum Bobart sem er rétt utan við Frankfurt. Borðtennisáhugi er þar mjög mikill og samnefnt lið bæjarins mjög sterkt að sögn Hilmars.

Það var íslenski landsliðsþjálfarinn Sten Kyst Hansen sem kom Hilmari á framfæri við þýska liðið en eftir komuna heim mun Hilmars væntanlega bíða stórt verkefni með félögum sínum í landsliðinu. Evrópumótið fer fram í lok janúar og hefur danski þjálfarinn þegar valið níu manna hóp til æfinga fyrir mótið.

Landsliðshópinn skipa auk Hilmars, Stefán Konráðsson, Tómas Guðjónsson og nafni hans Sölvason, Kristján Jónasson og Jóhann Hauksson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Sigrún Björnsdóttir og Fjóla Sigurðardóttir. Síðan munu fjórir keppendur verða valdir úr þeim hópi til keppni á mótinu, þrír karlmenn og einn kvenmaður. Ísland keppir nú í C-riðli mótsins en litlu munaði síðast að landinn næði að vinna sér sæti í B-riðlinum. Varð í þriðja sæti á EM fyrir tveimur árum er tvær þjóðir unnu sér þátttökuréttinn. Ísland hefur sterkara liði á að skipa nú en möguleikar liðsins felast að miklu leyti í því hvort hinar sterku A-Evrópuþjóðir, Sovétmenn og Rúmenar, taka þátt. Sitji þær heima eins og þær hafa gert í tveimur síðustu EM mótum þá hlýtur möguleiki íslensku keppendanna að vera talsverður. Íslenski landsliðsþjálfarinn hefur unnið mjög gott starf en hann er fyrrum þjálfari danska landsliðsins.

-fros

DV. 23.10.85

**Íþróttir**



Tómas Guðjónsson.

## Tómas og Hafdís sigursæl

### — á Reykjavíkurmeistaramótinu í borðtennis

Tómas Guðjónsson KR, tryggði sér um helgina Reykjavíkurmeistaratitilinn í einliðaleik í borðtennis er hann sigraði Kristin Má Emilsson í úrslitaleik, 3—0, 21—17, 27—25 og 21—18. Í þriðja til fjórða sæti urðu Tómas Sölvason og Örn Franzson.

Tómas varð einnig Reykjavíkurmeistari í tvíliðaleiknum er hann lék með nafna sínum Sölvasyni, þeir unnu Gunnar Birkisson og Vigni Kristmundsson 2—1 í mjög spennandi leik.

Hafdís Ásgeirsdóttir varð sigurvegari í einliðaleik kvenna, vann sigur á Elísabetu Ólafsdóttur í úrslitaleik, 3—1. Þær stöllur léku saman í tvíliðaleik og unnu Víkingsstúlkurnar Maríu Hrafnsdóttur og Hjördísi Þorkelsdóttur.

Hafdís tryggði sér síðan sitt þriðja gull á mótinu í tvenndarleiknum. Lék þá með Guðmundi Maríussyni en þau sigruðu Hjördísi Þorkelsdóttur og Bjarna Bjarnason örugglega í úrslitum.

-fros.

## Tómas sigraði í meistaraflokki

Tíminn 5.11.85

**JL-MÓTIÐ í borðtennis, sem er punktamót, var haldið á sunnudag og mánudag. Í meistaraflokki vann Tómas Guðjónsson, KR, í öðru sæti varð Stefán Konráðsson, Stjörnunni, og þriðja sæti Vignir Kristmundsson, Erninum.**

Menn voru slegnir út úr mótinu við annað tap. Í lokin mættust Tómas Guðjónsson og Stefán Konráðsson. Tómas hafði tapað einni viðureign — fyrir Albrecht Echmann en Stefán var taplaus. Tómas þurfti því að vinna tvo leiki til að sigra á mótinu og það gerði hann.

Sams konar fyrirkomulag var í 1. flokki og þar sigraði Bergur Konráðsson, Víkingi. Annar varð Kjartan Briem, KR, og þriðji Gunnar Valsson, Stjörnunni. Bergur vann Kjartan í hreinum úrslitum — þeir höfðu áður unnið sinn hvora innbyrðis viðureignina.

DV. 06.11.85

## Tómas vann á JL-mótinu

### — sigraði Stefán Konráðsson í tveimur úrslitaleikjum

Tómas Guðjónsson, KR, varð sigurvegari á JL-punktamótinu í borðtennis sem háð var í íþróttahúsi KR og Laugardalshöll á sunnudag og mánudag. Þetta var útsláttarkeppni, keppendur úr leik eftir tvö töp. Til úrslita lék Tómas við Stefán Konráðsson, Stjörnunni. Stefán var þá taplaus en Tómas hafði tapað fyrir Albert Echman, Stjörnunni. Í úrslitum sigraði Tómas nokkuð örugglega en tvo leiki þurfti til. Í þriðja sæti í meistaraflokki varð Vignir Kristinsson, Erninum.

Í 1. flokki sigraði Bergur Konráðsson, Víkingi. Kjartan Briem, KR, varð annar og Gunnar Valsson, Stjörnunni, þriðji.

hsím.

Auglýsingasamningur
milli Jóns Loftssonr h/f og Tómasar Guðjónssonar KR
V/borðtennis

Jón Loftson h/f skuldbindur sig til að veita Tómasi Guðjónssyni, Íslandsmeistara í borðtennis, króna vöruúttekt í verslunarmiðstöð sinni.

Á móti kemur:

1. Tómas mun spila annað árið í röð með JL-auglýsigu aftan á keppnisbúningi sínum í þeim mótum sem hann keppir sem einstaklingur þ.e. Íslandsmót, Reykjavíkurmót, opin punktamót og öll boðsmót. Landsleikir og flokkakeppni Íslands eru undanskilin þessu ákvæði vegna sérreglna sem þar gilda um keppendur.

2. Strax við undirritun þessa nýja samnings mun TG sjá um endurnýjun JL merkis á öllum sínum keppnisbúningum. Jafnframt verður bætt við litlu JL merki á vinstri ermi hvers keppnisbúnings. Þetta skal framhvæmt og kostað af TG.

3. Fyrir febrúarlok mun TG dreifa mynd (svart/hvít, ca.A4) af sér ásamt fréttatilkynningu á alla fjölmiðla (dagblöð, tímarit s.s. Íþróttablaðið og Nú og sjónvarp. Á þessari mynd skal vera áberandi JL merki (rautt) ásamt teksta sem greini frá nafni og titlum TG. Í teksta skal jafnframt koma skýrt fram að JL-húsið styrki TG til æfinga og keppni 1986. Myndir af þessu tagi skulu innrammaðar og hafðar til sýnis á nokkrum stöðum m.a. JL-húsinu og KR-heimili. Upplag og dreifing verður að öðru leiti samkomulagsatriði. - JL-húsið kostar gerð og dreifingu þessarar myndar en TG sér um undirbúning, annast dreifingu og tryggir lágmarkskostnað.

4. Að öðru leiti mun TG nota sér þau tækifæri sem bjóðast öðru hverju til að auglýsa JL-húsið sem best t.d á borðtennismótum, borðtennisblöðum, dagblöðum, sjónvarpi og umtali.

5. Auglýsingasamningur þessi gildi frá 31.01.86-31.01.87

Tómas Guð...

## Borðtennis:

# Stefán með örugga forystu

STEFÁN Konráðsson úr Stjörnunni hefur tekið afgerandi forystu í punktakeppni BTÍ. Stefán sigraði Tómas Guðjónsson í úrslitum Víkingsmótsins, þriðjudaginn, 4. mars, mjög örugglega, 2:0, og er svo að segja stunginn af í keppninni.

Af 8 punktamótum sem haldin hafa verið í vetur hefur Stefán unnið í 6 en Tómas Guðjónsson í 2. Aðrir hafa ekki unnið mót. Stefán sigraði einnig í flestum mótum í fyrra.

Staðan í meistaraflokki er þá þannig:

| | | Punktar |
|---|---|---|
| 1. | Stefán Konráðsson, Stjarnan, | 183 |
| 2. | Tómas Guðjónsson, KR, | 99 |
| 3. | Hilmar Konráðsson, Víkingur, | 36 |
| 4. | Kristinn Emilsson, KR. | 29 |
| 5. | Kristján Jónasson, Víkingur, | 27 |
| 6. | Örn Fransson, KR, | 24 |
| 7.–8. | Albrecht Ehmann, Stjarnan, | 21 |
| | Kristján V. Haralds., Víkingur, | 21 |
| 9. | Vignir Kristmundsson, Örninn, | 17 |
| 10. | Tómas Sölvason, KR, | 14 |
| 11. | Jóhannes Hauksson, KR, | 11 |
| 12.–14. | Bjarni Bjarnason, Víkingur, | 7 |
| | Trausti Kristjánsson, Víkingur, | 7 |
| | Guðmundur Maríusson, KR, | 7 |
| 15. | Gunnar Birkisson, Örninn, | 5 |
| 16. | Davíð Pálsson, Örninn, | 4 |
| Staðan í meistaraflokki kvenna. | | |
| 1. | Kristín Njálsdóttir, UMSB, | 12 |
| 2. | Sigrún Bjarnadóttir, UMSB, | 12 |
| 3. | Asta Urbancic, Örninn, | 6 |
| | Aðrar minna. | |



Morgunblaðið/Emil...

„Það eru bara karlar við borðtennisborðin í sjónvarpin...“ Sigríður Júlíusdóttir, ein fárra stúlkna í borðtenniskeppninni.

Íþróttamaður ársins 1985

# DAGSKRÁ

1. Ávarp: Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ.
2. Kvöldverður:
   Hangikjöt m/kartöflujafningi, gulrófum og grænum baunum
   Hrísgrjónabúðingur m/sultu og rjóma
   Öl eða gosdrykkir
   Kaffi
3. Verðlaunaafhending:
   Magnús Hreggviðsson, framkv.stj. Frjáls framtaks h.f.

Kynnir: Sig. Magnússon framkv.st. ÍSÍ.

DV



Reykjavíkurmótið í borðtennis:

# Tómas sigraði

## – í einliðaleik karla – Aukinn áhugi á íþróttinni á nýjan leik

**■ Reykjavíkurmótið í borðtennis var haldið 9. og 10. nóvember sl. Keppendur voru 68 frá fjórum félögum. KR-ingar urðu mjög sigursælir og urðu Reykjavíkurmeistarar í 10 flokkum, Örninn í tveimur og Víkingar í einum.**

Það sem vakti mesta athygli var einliðaleikur pilta 13 ára og yngri en þar voru 12 keppendur og gefur það til kynna að borðtennisáhugi meðal yngra fólks er að vakna að nýju.

Úrslit í mótinu urðu annars þessi.

**KARLAFLOKKUR:**
**Einliðaleikur:**
Þar sigraði Tómas Guðjónsson KR, Kristinn Má Emilsson 3-0, 21-17, 27-25, 21-18, í skemmtilegum leik. í 3.-4. sæti urðu Tómas Sölvason KR og Örn Franzson.

**Tvíliðaleikur:**
Þar sigruðu Tómas Sölvason KR og Tómas Guðjónsson KR þá Gunnar Birkisson Erninum og Vigni Kristmundsson Erninum 2-1, 15-21, 22-20, 21-19, og komu Gunnar og Vignir mjög á óvart með góðri frammistöðu.

Í 3.-4. sæti urðu Guðmundur Maríusson KR/Örn Franzson KR og Davíð Pálsson Erninum/Jón Karlsson Erninum.

**Tvenndarleikur:**
Þar sigruðu Hafdís Ásgeirsdóttir og Guðmundur Maríusson KR þau Hjördísi Þorkelsdóttur og Bjarna Bjarnason Víkingi örugglega 21-16 og 21-13. Í þriðja sæti urðu þau María Hrafnsdóttir og Hermann Bárðarson Víkingi.

**KONUR:**
**Einliðaleikur:**
Þar sigraði Hafdís Ásgeirsdóttir KR Elísabetu Ólafdóttur KR 3-1, 21-12, 8-21, 21-18, 21-19. Í 3.-4. sæti urðu Arna Sif Víkingi og Hjördís Þorkelsdóttir Víkingi.

**Tvíliðaleikur:**
Þar sigruðu Hafdís Ásgeirsdóttir og Elísabet Ólafsdóttir KR þær Maríu Hrafnsdóttur og Hjördísi Þorkelsdóttur Víkingi. Í þriðja sæti urðu Hrefna Halldórsdóttir/María Sigmundsdóttir Víkingi.

**UNGLINGAR:**
**Einliðaleikur: Yngri en 13 ára:**
Þar sigraði Sigurjón Gunnlaugsson KR Stefán Pálsson Vík 17-21, 22-20 og 21-19. Í 3.-4. sæti urðu Sigurður Bollason og Ólafur Eiríksson ÍFR.

**13-15 ára:**
Þar sigraði Kjartan Briem KR Heimi Bjarnason KR 21-16, 21-13. Í þriðja sæti varð Arnar Petersen ÍFR.

**15-17 ára:**
Þar sigraði Valdimar Hannesson KR Jón Karlsson Ern... um 21-18, 24-26, 21-10. ... sæti urðu Stefán Gar... KR og Eyþór Ragnarsso...

**Tvíliðaleikur: Yngri en 17 ár...**
Þar sigruðu Jón Karlsson Erninum og Stefán F. Garðarsson KR þá Kjartan Briem og Valdimar Hannesson KR. 23-21, 14-21 og 21-17. Í 3.-4. sæti urðu Eyþór Ragnarsson/Magnús Þorsteinsson KR og Guðmundur Kristjánsson/Helgi Mogensen KR.

**Telpur yngri en 13 ára:**
Þar sigraði Sigurlín Birgisdóttir KR Heklu Árnadóttir Vík 21-9 og 21- 21-7. Í þriðja sæti varð Kristjana Hrafnsdóttir KR.

**13-17 ára:**
Þar sigraði Hrefna Halldórsdóttir Vík Maríu Sigmundsdóttir 21-16 og 22-20. Í 3.-4. sæti urðu Arna Hilmarsdóttir KR og Þórgunnur Birgisdóttir KR.

**Old boys:**
Þar sigraði Gunnar Hall félaga sinn úr Erninum Halldór Haralz létt að þessu sinni eða 21-8 og 21-12. Í 3.-4. sæti urðu Jóhann Örn Sigurjónsson Erninum og Emil Pálsson Vík.

# Enn einn KR-sigur

## – í borðtennis

KR bar sigur úr býtum í flokkakeppni Íslands í borðtennis, það er A-lið félagsins, en í úrslitum sigraði KR Stjörnuna. Hlaut 15 stig en Stjarnan 13 og hefur veldi KR ekki verið ógnað sem nú í fjöldamörg ár. Í fyrri umferðinni varð jafnt hjá félögunum. Þess má geta að Stjarnan kærði eftir tapleikinn gegn KR í síðari umferðinni. Kærunni var vísað frá. Í 3. sæti var A-lið Víkings með 8 stig, Örninn A í fjórða sæti með 4 stig en B-lið KR féll í 2. deild.

Þar sigraði B-lið Víkings. Hlaut 16 stig og leikur í 1. deild næsta keppnistímabil. Örninn B varð í öðru sæti með 10 stig, þá Stjarnan B með 8 stig, Víkingur C með 6 stig en KR C hlaut ekkert stig. Í kvennaflokki var keppt í tveimur riðlum án aldursskiptingar. UMSB (Borgfirðingar) sigraði, KR A í öðru sæti, Stjarnan í þriðja og Víkingur B í fjórða sæti. Í unglingaflokki




● Tómas Guðjónsson, KR, sigraði tvöfalt á Íslandsmeistaramótinu í borðtennis um helgina.

# Tómas sigraði tvöfalt

**– á Íslandsmeistaramótinu í borðtennis um helgina. Sigrún Bjarnadóttir sigraði þrefalt í kvennaflok**

Þau Tómas Guðjónsson, KR, og Sigrún Bjarnadóttir, UMFB, voru mjög sigursæl á Íslandsmeistaramótinu í borðtennis sem fór fram núna um helgina í Laugardalshöll. Tómas sigraði í einliðaleik og tvíliðaleik karla en varð í öðru sæti í tvenndarkeppninni. Sigrún bætti um betur því hún sigraði í öllum þeim þrem greinum sem hún tók þátt í, einliðaleik kvenna, tvíliðaleik kvenna og tvenndarkeppni.

### Tómas varði titilinn

Tómas Guðjónsson sigraði Stefán Konráðsson, Stjörnunni, í einliðaleik karla og varði því titil sinn frá því í fyrra. Leikur þeirra var mjög spennandi og þurfti fimm lotur til að fá fram úrslit. Stefán vann fyrstu lotuna, 21-16, en Tómas næstu tvær, 21-14. Síðan sigraði Stefán aftur, 21-16, en Tómas vann æsispennandi úrslitalotu, 22-20. Tómas Sölvason, KR, varð í þriðja sæti.

Í tvíliðaleik karla unnu þeir Tómas Guðjónsson og Tómas Sölvason, KR, sigur á Stefáni Konráðssyni og Gunnari Valssyni, Stjörnunni, 3-0. Þeir Kristján Jónasson og Kristján V. Haraldsson, Víkingi, urðu síðan í þriðja sæti.

### Þrefalt hjá Sigrúnu

Sigrún Bjarnadóttir, UMFB, sýndi miklar framfarir og hafði yfi kvennakeppninni. Hún Kristínu Njálsdóttur, UMS slitum einliðakeppninnar. Þ Elísabet Ólafsdóttir í þriðja tvíliðaleik kvenna sigruðu Si Kristín þær Hafdísi Ásgeirsd Elísabetu Ólafsdóttur, KR. sæti þar urðu þær Anna Sigu dóttir og Katrín Harðard Stjörnunni.

Í tvenndarkeppni náði Stef ráðsson að hefna ófara sin Tómasi í karlakeppninni. S Sigrúnu sigruðu þau Tómas betu í úrslitaviðureign. Valsson og Anna Sigurbjö urðu í þriðja sæti.

Í fyrsta flokki karla sigraði Briem, KR, Bjarni Krist Stjörnunni, varð í öðru sæti ur Konráðsson í þriðja.

Í fyrsta flokki kvenna sigr Sigurbjörnsdóttir, Stjörnun ín Harðardóttir, Stjörnunn öðru sæti og María Hra Víkingi, í þriðja.

Í öðrum flokki karla sigr Ólafsson, Víkingi, Halldór son, Stjörnunni, varð a Stefán Garðarsson, KR, þr

**Evrópumótin**

## Tvö spa úrslitale

Það verða Evrópumeistar Metaloplastika Sabac, Júgóslavíu, pólska liðið Wybrese Gdansk se leika til úrslita í Evrópubikarnum handknattleik, keppni meistaralið Sabac sigraði Steaua, Búkare Rúmeníu, 23-17, í síðari leik liðan í undanúrslitum. Samanlagt 45- Gdansk sigraði Atletico Madr Spáni, 25-21, í síðari leik liðanna heimavelli. Samanlagt 46-45.

Í Evrópukeppni bikarhafa kom meistarar Barcelona auðveldleg úrslit, sigruðu Epitök Veszpr Rúmeníu, með tíu marka mun í s ari leik liðanna í undanúrslitu

## Fjórar sexý

– sjá Sviðsljós á bls. 42–45



## Sigruðu tvöfalt og þrefalt í borðtennis

– sjá íþróttir á bls. 21–28

## Borðtennismaður ársins:



Tómas Guðjónsson
KR

Í fjórða sinn er Tómas Guðjónsson borðtennismaður ársins — ekki að ástæðulausu. Hann hefur verið í fremstu röð í 10 ár og virðist eflast með árunum. Tómas hefur lokið námi í líffræði en er nýráðinn forstöðumaður félagsmiðstöðvar KR!! Sambýliskona Tómasar er sú sama og í fyrra þegar rætt var við Tómas — Ásta Urbancic fyrrum borðtennismaður ársins. Tómas sem er 26 ára hefur leikið yfir 30 landsleiki og er þegar kominn á Evrópulista yfir borðtennismenn. Þar er hann í 67. sæti sem verður að teljast frábært því milljónir leggja stund á borðtennis í Evrópu. Listinn ræðst af hlutfallslegum árangri í landsleikjum hjá einstaklingi. Á Íslandsmótinu 1985 varð Tómas þrefaldur meistari — í einliðaleik, tvíliðaleik og í flokkakeppni með KR. KR vann þar sigur í 10. skiptið í röð. Í þau 9 skipti sem Tómas hefur keppt í einliðaleik á Íslandsmótinu hefur hann sigrað 8 sinnum. Auk þess bar Tómas sigur úr býtum á flestum mótum ársins. Á þessu ári segist Tómas ekki ætla að taka íþróttina of alvarlega heldur ætlar hann að einbeita sér að starfinu. Þar með sagt hefur hann ekki lagt spaðann á hilluna því hann stefnir á Heimsmeistaramótið á Indlandi 1987.

# PINGISEN LYXSPORT PÅ ISLAND

## *Rikstränaren från Danmark myser över det stora VM-språnget*

— Av BENGT LEVIN —

**● Att vara förbundskapten och ansvarig tränare för Island kan inte vara någon sinekur. Förutom att islänningarna har mycket svårt att hävda sig internationellt räknas också pingis som lyxsport på ön. Det sistnämnda innebär att till det normala priset på alla pingisartiklar (Butterfly är störst) läggs 90 procent lyxskatt.**

— Jag har ett intressant jobb. Viljan och intresset är jag mycket nöjd med, säger emellertid Steen Kyst-Hansen, 33, som efter åtta år som dansk förbundskapten är anställd sedan den 1 oktober 1984 i samma befattning på Island. Kontraktet gäller t o m 1987.

Det där med pingis som lyxsport är märkligt. Tennis räknas inte dit. Nu försöker idrottsförbundet och olympiska kommittén få en ändring till stånd, så att pingis i framtiden ska få samma villkor som övriga sporter.

På Island finns ca 2 000 pingisutövare. I Reykjavik händer det mesta. Där är lokalerna i skaplig kondition och det är också dit de flesta turneringarna är förlagda. Fem till sex turneringar arrangeras per säsong. Seriespelet avgörs på två veckoslut. Det spelas i division I och II för herrar och ungdomar, medan det bara finns en division för damer.

Det mycket unga bordtennisförbundet, bildades 1972, innefattar 18 klubbar. Någon spelarlicens behövs inte. Förbundet tar precis som i Sverige ut procent på startavgifterna vid turneringar.

### ● Tio placeringar bättre

Vid VM i Göteborg slutade herrarna på 57:e plats (tia från slutet) och damerna på 53:e plats (trea från slutet).

— Herrarna nådde tio placeringar bättre än föregående VM. Det är den största framgången hittills för isländsk pingis och innebar en fin start för mig personligen, säger Steen Kyst.

Vid sommarens UEM i Haag deltog Island utan någon som helst framgång.

— Vi ställde upp för att våra ungdomar skulle få chansen att se hur det går till på en stortävling och se hur bra de övriga är. Sportsligt sett var det meningslöst för oss. Nästa år ska vi använda pengarna till träningsläger i två-tre veckor på hemmaplan i stället, berättar Steen Kyst.



**● »ISLAND är på väg uppåt, men vi har fortfarande långt kvar«, konstaterar Steen Kyst-Hansen, rikstränare från Danmark.**

Organisationen är det lite si och så med. Det finns två idrottsskolor, där Steen Kyst ska föreläsa under en månad.

— Givetvis kommer jag att försöka påverka de blivande gymnastiklärarna att bli intresserade av pingis.

Under en rundresa på ön gjorde den danske tränaren en glädjande upptäckt. På väldigt många platser fanns hemmagjorda pingisbord och ungarna lirade friskt.

— Visst har vi mycket lång väg att vandra, men det gäller att sätta upp delmål. Nu först siktar vi på att vinna Europaligans div III i kamp med Guernsey, Malta, Jersey och Portugal, säger Steen Kyst, som gått ner många kilon sen han lämnade Danmark.

Orsak: det är mycket svårt att komma över den danska nationaldrycken öl på Island.



**Tómas Guðjónsson,** tvöfaldur Íslandsmeistari í karlaflokki. Mynd: E.Ól.



**Sigrún Bjarnadóttir,** þrefaldur Íslandsmeistari í kvennaflokki. Mynd: E.Ól.

*Borðtennis*

# Sigrún þrefalt — Tómas tvöfalt

## *Hörkuspennandi úrslitaleikur Tómasar og Stefáns. Frekar létt hjá Sigrúnu*

**Íslandsmótið í borðtennis fór fram í Laugardalshöll um helgina. Þátttaka var góð og keppni jöfn og spennandi, einkum þó í einliðaleik karla. Þar léku til úrslita Tómas Guðjónsson, KR, og Stefán Konráðsson, Stjörnunni.**

Stefán vann fyrstu lotuna 21-16, Tómas tvær næstu 21-14 og Stefán þá fjórðu 21-16. Úrslitalotan var ótrúlega spennandi. Stefán komst yfir í byrjun en Tómas jafnaði og þeir skoruðu svo að segja til skiptis þar til Tómasi tókst að knýja fram sigur, 24-22.

Leikir Tómasar Sölvasonar við Hilmar Konráðsson og Kristján Jónasson voru einnig mjög spennandi. Tómas vann báða og náði þriðja sæti en jafnara gat það varla verið.

Í tvíliðaleik unnu Tómasarnir tveir nokkuð auðveldan sigur. Þeir sigruðu Stefán og Gunnar Valsson í úrslitum, 21-13, 21-16 og 22-20, og töpuðu ekki lotu alla keppnina.

Sigrún Bjarnadóttir, UMSB, sigraði þrefalt í meistaraflokki kvenna. Hún vann örugglega í einliðaleik og í tvíliðaleik þar sem hún lék með Kristínu Njálsdóttur. Í tvenndarleik lék Sigrún með Stefáni Konráðssyni gegn Tómasi Guðjónssyni og Elísabetu Ólafsdóttur. Stefán og Sigrún sigruðu í tveimur spennandi lotum, 21-18 og 22-20.

Kjartan Briem, KR, sigraði í 1. flokki karla, Anna Sigurbjörnsdóttir, Stjörnunni, í 1. flokki kvenna og Óskar Ólafsson, Víkingi, í 2. flokki karla.

**Tómas Guðjónsson**

Úrslitaleikurinn við Stefán var fyrst og fremst taugaspennuleikur. Sigurinn hefði getað lent hvorum megin sem var. Leikirnir í 8 manna úrslitunum voru spennandi og það bendir til þess að breiddin sé að aukast.

Ég bjóst við erfiðari leikjum og sigur okkar í tvíliðaleik var auðveldur. Þó við KR-ingar séum ekki með marga spilara þá eigum við mjög góða einstaklinga.

Nú fer ég í frí framá haust en næsti vetur verður minn síðasti. HM á Indlandi verður líklega lokapunkturinn.

**Sigrún Bjarnadóttir**

Sigurinn kom mér ekki mikið á óvart. Þó var þetta léttara en ég bjóst við og munar þar mestu um að aðal keppinautur minn, Ragnhildur Sigurðardóttir, var ekki með. Erfiðasti leikurinn var í tvenndarkeppninni á móti Hilmari og Kristínu.

Ég hef æft markvisst undir leiðsögn landsliðsþjálfarans, Steens Hansens, og hann hefur gert mikið fyrir borðtennisíþróttina hér á landi. Við förum nú að undirbúa okkur fyrir heimsmeistaramótið á Indlandi 1987 en ég tek mér frí í sumar.

**—Logi**

FEB '86

# Stefán sigraði í Arnarmótinu

**Arnarmótið í borðtennis fór fram í Laugardalshöll 4. janúar sl. og tóku alls 50 keppendur þátt í mótinu. Keppt var í sameiginlegum meistara- og fyrsta flokki karla, öðrum flokki karla og í einum flokki kvenna. Helstu úrslit urðu þannig:**

**Meistaraflokkur- og fyrsti flokkur karla:**

Sigurvegari varð Stefán Konráðsson, Stjörnunni en hann sigraði Tómas Guðjónsson KR, í mjög spennandi úrslitaleik þar sem Tómas vann tvær fyrstu loturnar en þá snéri Stefán blaðinu við og vann þrjár næstu. Loturnar fóru þannig: 15:21, 11:21, 21:14, 21:16 og 21:13.

Í þriðja til fjórða sæti voru Kristján Jónasson og Bergur Konráðsson báðir, í Víkingi.

**Annar flokkur karla:**

Sigurvegari varð Pétur Stephensen, Víkingi, en hann sigraði nafna sinn Pétur Úlfarsson, Stjörnunni í úrslitum í þrem lotum með 21:18, 21:16 og 21:19.

Í þriðja til fjórða sæti voru Óskar Ólafsson, Víkingi, og Eyþór Ragnarsson, KR.

**Kvennaflokkur:**

Sigurvegari varð Ásta Urbancic, Erninum, en hún sigraði Fjólu Maríu Lárusdóttur UMSB í úrslitum í þrem lotum með 21:8, 21:12 og 21:8. Þess má geta að Ásta er hér í jólaleyfi frá námi erlendis og kom því, sá og sigraði en hún hefur aldrei sigrað í Arnarmóti fyrr þótt hún hafi nokkrum sinnum unnið Íslandsmeistaratitla.

Í þriðja til fjórða sæti voru Elín Eva Grímsdóttir, KR, og María Sigmundsdóttir, Víkingi.



**Ásta Urbancic og Ulf Carlsson** með sigurlaunin á Flugleiðamótinu. Mynd: E.Ól.

*Borðtennis*

# Snilldartilþrif

*Ulf Carlsson vann Kjell Johannsson í úrslitaleik Flugleiðamótsins*

**Svíarnir Ulf Carlsson og Kjell Johannsson sýndu Íslendingum borðtennis eins og hann gerist bestur í íþróttahúsi Kennaraháskólans á laugardaginn. Úrslitaleikur þeirra á Flugleiðamótinu var hrein sýning, enda tveir heimsmeistarar, núverandi og fyrrverandi, á ferð. Carlsson vann eins og vænta mátti eftir stórskemmtileg tilþrif á báða bóga, 21-12 og 21-17.**

Carlsson vann Tómas Guðjónsson og Johannsson sigraði Kristján Jónasson í undanúrslitum mótsins en aðrir þátttakendur í karlaflokki voru Stefán Konráðsson, Tómas Sölvason, Hilmar Konráðsson og Jóhannes Hauksson.

Ásta Urbancic sigraði í kvennaflokki, vann Ragnhildi Sigurðardóttur í úrslitaleik, 21-19 og 21-18. Mótið var boðsmót, 8 körlum og 4 konum var boðið, og Borðtennissambandið á heiður skilinn fyrir að ráðast í það framtak að fá þessa snjöllu Svía hingað til lands.

–VS

DV. 19.02.88

# Hjálmtýr og Ásta sótt til Bandaríkjanna

„Við leggjum alla áherslu á að vinna 3. deildar keppnina og fá tækifæri til að spreyta okkur í 2. deild á næsta vetri. Undirbúningur landsliðsins hefur aldrei verið betri. Það hefur verið saman í 110 tíma frá áramótum og fór í æfingaferð til Danmerkur fyrir skömmu og nú síðustu vikuna er æft tvisvar á dag," sagði Gunnar Jóhannsson, formaður Borðtennissambands Íslands.

Evrópukeppnin, 3. deild, er haldin hér á landi í fyrsta skipti og fer fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans um næstu helgi. Mótherjar Íslands eru Guernsey, Jersey, Mön og Færeyjar og sigurliðið kemst í 2. deild. Ísland hefur aldrei sigrað Guernsey sem hefur verið á flækingi milli 2. og 3. deildar undanfarin ár, er með fimmtíu prósent árangur gegn Jersey og hefur ávallt sigrað Mön og Færeyjar.

Hjálmtýr Hafsteinsson og Ásta Urbancic keppa með íslenska liðinu og er það mikill styrkur, en þau dvelja bæði við nám í Bandaríkjunum. Aðrir í liðinu eru Tómas Guðjónsson, Albrecht Ehmann, Jóhannes Hauksson, Kjartan Briem, Kristinn Már Emilsson og Ragnhildur Sigurðardóttir. Þjálfarar eru Steen Kyst Hansen og Hjálmar Aðalsteinsson.

Steen Kyst þjálfari segir um möguleika Íslands: „Ef liðið er nógu gott til að vinna í 3. deildinni á það erindi upp í 2. deild, annars ekki." -VS

Laugardalshöll á laugardag:

DV/19.02.88

# Allt á fullu á tennisborðinu

## – Evrópumótið í þriðju deild

Evrópumót þriðju deildar í borðtennis fer fram nú um helgina í Laugardalshöll. Hefst mótið snemma á laugardag eða klukkan 9 árdegis með setningu. Íslendingar mæta síðan liði frá eyjunni Mön er „serímóníunni" lýkur og á sama tíma munu landslið Jersey og Færeyja reyna með sér.

Keppt verður fram eftir degi á laugardag en úrslit munu ráðast á sunnudeginum. Keppni hefst einnig klukkan 9 þann daginn.

Þessar þjóðir spila í þriðju deildinni:
Ísland, Færeyjar, Jersey, Mön og Guernsey.

-JÖG

MBl Borðtennis 20.02.88

3. deildin verður haldin í Reykjavík um helgina. Mótið fer fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans. Setningarathöfn hefst kl. 9.00 fyrir hádegi í dag og fyrsti leikurinn hefst svo 15 mínútum síðar. Keppni hefst svo aftur kl. 9.00 í fyrramálið. Nánar er greint frá keppninni annars staðar í blaðinu í dag.

BORÐTENNIS



Morgunblaðið/Bjarni

MBl. 20.02.88

## Landsliðið

**Borðtennislandsliðið,** sem keppir um helgina í 3. deild Evrópukeppninnar í íþróttahúsi Íþróttakennaraháskólans. Aftari röð frá vinstri: Ásta Urbancic, Albrecht Ehmann, Steen Kyst Hansen, landsliðsþjálfari og Kjartan Briem. Fremri röð: Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson, Jóhannes Hauksson og Kristinn Már Emilsson. Á myndina vantar Ragnhildur Sigurðardóttir er ekki á myndinni.




Sigrún Bjarnadóttir fylgist með er meðspilari hennar Kristín Njálsdóttir neglir kúluna yfir borðið. Þær stöllur unnu tvíliðaleik kvenna. Á neðri myndinni eru þeir nafnar Tómas Guðjónsson og Sölvason í úrslitaleiknum í tvíliðaleik karla.

Tímamynd Pétur




## Íslandsmótið í borðtennis:

# Þrefalt hjá Sigrúnu

### – og Tómas varð tvöfaldur meistari í meistaraflokki karla

**Tómas Guðjónsson og Sigrún Bjarnadóttir voru sigurvegarar á Íslandsmótinu í borðtennis sem lauk í Laugardalshöll um helgina. Tómas sigraði í einliðaleik karla og einnig í tvíliðaleik karla ásamt Tómasi Sölvasyni. Sigrún bætti um betur. Hún vann einliðaleik kvenna og tvíliðaleik ásamt Kristínu Njálsdóttur og í tvenndarleik sigraði hún ásamt Stefáni Konráðssyni.**

Tómas og Stefán Konráðsson spiluðu hörkuspennandi úrslitaleik í einliðaleik karla. Lokatölur urðu 3-2 fyrir Tómasi og fór lokahrinan 22-20. Stefán og Gunnar Valsson töpuðu fyrir Tómusunum 0-3 í tvíliðaleik.

Sigrún vann Kristínu stöllu sína í einliðaleik 3-0 og þær unnu síðan Hafdísi Ásgeirsdóttur og Elísabetu Ólafsdóttur í tvíliðaleik.

Stefán náði síðan loks í gull ásamt Sigrúnu í tvenndarleik er þau unnu Tómas og Kristínu.

Í 1. flokki karla sigraði Kjartan Briem en í 1. flokki kvenna varð Anna Sigurbjörnsdóttir hlutskörpust. Óskar Ólafsson sigraði síðan í 2. flokki karla.

Flugleiðamótið í borðtennis:

# Fjörugur úrslitaleikur

Ulf Carlsson og Ásta Urbancic sigruðu í einliðaleik karla og kvenna á Flugleiðamótinu í borðtennis sem fram fór í Íþróttahúsi Kennaraháskólans á laugardaginn. Svíinn Ulf Carlsson vann landa sinn Kjell Johansson í úrslitaleik, 21-12 og 21-16 en Ásta vann Ragnhildi Sigurðardóttur 21-18 og 21-19.

Ulf Carlsson er núverandi heimsmeistari í tvíliðaleik og sagðist hann í spjalli við Tímann að sjálfsögðu stefna að því að verja titilinn í vor. Það gæti þó reynst erfitt þar sem það yrði auðvitað keppikefli allra að leggja heimsmeistarana að velli. Ekki sagðist Carlsson hafa þurft að hafa mikið fyrir sigrinum á mótinu enda ekki við því að búast. Hann bætti því þó við að „sá gamli" (Johansson) gæti sigrað sig á góðum degi, hann væri enn í fínu formi þó fertugur væri. Úthald sitt væri þó eðlilega mun betra. Kjell Johansson varð heimsmeistari í tvíliðaleik þrisvar sinnum, fyrst fyrir tæpum 20 árum. Úrslitaleikur þeirra félaga var bráðskemmtilegur og sýndu þeir oft á tíðum snilldartakta. Johansson sem er þekktur fyrir mjög föst „smöss" hrakti Carlsson oft langt frá borðinu en honum tókst oft á ótrúlegan hátt að koma kúlunni til baka á borðið aftur og aftur. Síðasta stigið í leiknum kom einmitt eftir eina svipaða lotu nema hvað þeir voru báðir komnir til hliðar við borðið!



Sigurvegararnir á Flugleiðamótinu í bo… Carlsson.



**Ulf Carlsson,** sænski heimsmeistarinn, sýndi snilldarleg tilþrif er hann sigraði á Flugleiðamótinu í borðtennis á laugardaginn og hér gefur hann upp á óvenjulegan hátt. Mynd: E.Ól. Sjá bls. 10-11.

# Carlsson og Johansson sýndu snilldartakta

Svíinn Ulf Carlsson, heimsmeistari víliðaleik, átti ekki í miklum vandðum með að tryggja sér sigur í iliðaleik Flugleiðamótsins í borðnnis sem fram fór í Íþróttahúsi Kennaraháskólans um helgina.

Það fór eins og vitað var fyrirfram að Carlsson lék gegn landa sínum Kjell Johansson í úrslitunum og sigraði Carlsson örugglega, 21–12 og 21–16. Úrslitaleikurinn var sýndur í beinni útsendingu í íþróttaþætti hjá Bjarna Felixsyni.

Í einliðaleik kvenna sigraði Ásta Urbancis, Erninum, Ragnhildi Sigurðardóttur, UMSB, í úrslitaviðureign, 21–18 og 21–19.

-SK



Sigurvegararnir í Flugleiðamótinu í borðtennis um helgina hampa verðlaunum sínum. Til hægri er Ulf Carlsson sem vann Kjell Johansson í bráðskemmtilegm úrslitaleik, 21–12 og 21–16, en til vinstri er Ásta Urbancis sem sigraði í úrslitum einliðaleiks kvenna. DV-mynd Gunnar Sverrisson



● Ulf Carlsson keppir á Flugleiðamótinu í borðtennis.

# Carlsson til Íslands

Ulf Carlsson frá Svíþjóð, núverandi heimsmeistari í tvíliðaleik í borðtennis, er væntanlegur til Íslands í lok þessa mánaðar. Carlsson er í 19. sæti á skrá Alþjóða borðtennissambandsins yfir bestu borðtennismenn í heimi.

Hingað til lands kemur Carlsson ásamt Kjell Johansson en þeir verða sérstakir gestir á Flugleiðamótinu í borðtennis sem fram fer í Reykjavík þann 28. nóvember í Íþróttahúsi Kennaraháskólans.

Kjell Johansson hefur þrívegis orðið heimsmeistari í tvíliðaleik.

Það er mikill fengur fyrir borðtennismenn hérlendis að fá þessa snjöllu kappa í heimsókn en á Flugleiðamótinu verða einnig bestu borðtennismenn okkar en þeir sem keppa eru: Ragnhildur Sigurðardóttir, Ásta Urbancis, Elísabet Ólafsdóttir í kvennaflokki en í karlaflokki keppa þeir Stefán Konráðsson, Tómas Guðjónsson, Kristján Jónasson, Hilmar Konráðsson, Tómas Sölvason og Jóhannes Hauksson.

Þess má geta að úrslitaleikur mótsins í karlaflokki verður sýndur í beinni útsendingu í sjónvarpinu hjá Bjarna Felixsyni.

-SK

18.04.89
MBL.

# ÍÞRÓTTIR

Morgunblaðið

BORÐTENNIS / ÍSLANDSMÓTIÐ



## „Rafmagnsleysið kom mér í gang“

– sagði Kjartan, sem varði titilinn í einliðaleik karla. Ragnhildur Sigurðardóttir sigraði í 9. sinn í kvennaflokki

**„ÉG hef ekki spilað vel að undanförnu. Álagið hefur verið mikið, ég hef æft stíft og spilað mikið — er þreyttur. En ég reif mig upp í undanúrslitunum — rafmagnsleysið kom mér í gang,“ sagði KR-ingurinn Kjartan Briem við *Morgunblaðið* eftir að hann hafði varið Íslandsmeistaratitilinn í einliðaleik karla í borðtennis á sunnudag, en mótið fór fram í Laugardalshöll um helgina.**

*Steinþór Guðbjartsson skrifar*

Kjartan vann félaga sinn, Hjálmtý Hafsteinsson, 3:2 í jöfnum og spennandi úrslitaleik. Hjálmtýr lék mjög vel og yfirvegað á mótinu, sigraði í tvíliðaleik með Tómasi Guðjónssyni, en varð enn einu sinni að láta í minni pokann í úrslitum einliðaleiks.

Kjartan lék gegn Tómasi Sölvasyni í undanúrslitum og tapaði tveimur fyrstu lotunum, 13-21 og 16-21. Þá fór rafmagnið, hlé var gert á keppni í tæpan hálftíma, Kjartan kom tvíefldur til leiks á ný og vann næstu þrjár lotur, 21-16, 21-5 og 21-14.

### „Sigur fyrir KR“

Kjartan, sem stefnir á að ljúka stúdentsprófi um næstu áramót og fara síðan til Svíþjóðar til að æfa borðtennis, sagði að breiddin á meðal þeirra bestu væri sífellt að aukast. „Keppnin var opnari en oft áður og hver sem var af sex efstu gat sigrað. En mótið í heild var fyrst og fremst mikill sigur fyrir KR. KR-ingar voru í fjórum efstu sætunum í einliðaleik karla, áttu bæði úrslitapörin í tvenndarkeppni, og sama var uppi á teningnum í tvíliðaleik karla. Þá sigraði KR í tvíliðaleik kvenna, lék til úrslita í einliðaleiknum og sigraði í flokkakeppninni 14 árið í röð,“ sagði Kjartan.

### „Fékk enga keppni“

Ragnhildur Sigurðardóttir hefur verið nánast ósigrandi í einliðaleik kvenna síðan 1978 og sigraði nú frekar auðveldlega. Hún varð Íslandsmeistari 1978, 1979, 1980, 1981, 1983, 1985, 1987 og 1988. „Ég fékk enga keppni og þannig hefur það verið í vetur. Breiddina vantar og sennilega væri best að ungu stelpurnar æfðu með og léku gegn strákum til að ná enn meiri framförum,“ sagði Íslandsmeistarinn.

Ragnhildur, sem er 25 ára nemi í Íþróttakennaraskóla Íslands og tveggja barna móðir, hafði mikla yfirburði. „Reyndar hef ég ekkert æft borðtennis í vetur og ætlaði að hætta, en hef mætt á mótin með því hugarfari að sigra og það hefur tekist. Keppnisskapið hefur nægt,“ sagði Ragnhildur, sem hefur keppt fyrir Stjörnuna í vetur, en var áður í UMSB.

### Tómas enn á toppnum

Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson, KR, sigruðu í tvíliðaleik karla eins og fyrr segir, en Tómas, sem hefur verið yfirburðarmaður í íþróttinni hérlendis í rúman áratug, fékk einnig gullverðlaunin í tvenndarkeppni ásamt Berglindi Sigurjónsdóttur. „Ég æfi og keppi mér til gamans en ekki með langtímamarkmið í huga. Hins vegar er ljóst að til að ná aukinni breidd og framförum verður að huga meir að uppbyggingunni og efla hana,“ sagði Tómas.



**Gull**
Kjartan Briem, KR, vann Íslandsmeistaratitlinn í einliðaleik annað árið í röð. Ragnhildur Sigurðardóttir, sem keppti nú fyrir Stjörnuna, gerði enn bestur og vann í einliðaleik kvenna í níunda sinn.

Morgunblaðið/Einar Falur

---

HOWARD COUNTY TABLE TENNIS CLUB
Y. KRONLAGE
5134 DURHAM ROAD, W.
COLUMBIA, MD 21044

967

7 May 1989 7-7036/2520

Pay to the Order of T Gudjonsson $ 50 70/100

Fifty 70/100 Dollars

Baltimore Federal Financial
Baltimore Federal Financial, F.S.A.
Baltimore, Maryland

For 2200 Winner

Yvonne M Kronlage

⑆252070367⑆ 020846898⑈ 0967

MUGGUR Á MÁNUDEGI:

## Barþjónar í borðtennis á Evrópumóti

Ekki voru andstæðingar íslenska landsliðsins í borðtennis á Evrópumótinu í 3. deild um helgina af betri toganum. Andstæðingar Íslands voru frá Færeyjum, Guernsey og Mön. Í þessum liðum eru ekki þekktir borðtennismenn og einhverjir þeirra munu vera barþjónar í sínum heimalöndum og stunda íþrótt sína á milli þess sem þeir afgreiða viðskiptavini á barnum.






**Íslendingar sigruðu** í 3. deild Evrópumótsins í borðtennis sem fram fór hér á landi um helgina. Auk Íslendinga tóku Færeyjar, Jersey, Guernsey og eyjan Mön þátt í mótinu. Íslendingar sigruðu alla andstæðinga sína. Í fyrsta leiknum sigraði Ísland lið Manar, 3–4, í öðrum leik lið Jersey, 5–2, í þriðja leiknum lið Guernsey, 7–0, og í síðasta leiknum voru Færeyjar lagðar að velli, 6–1. Ísland hlaut 4 stig, Mön var í öðru sæti með 3 stig, Jersey í því þriðja með 2 stig, Færeyjar í fjórða sæti með eitt stig og Guernsey rak lestina með ekkert stig. Íslendingar leika því í 2. deild á næsta móti. Á myndinni sést Tómas Guðjónsson slá í tvíliðaleik gegn Guernsey en meðspilari hans, Hjálmtýr Hafsteinsson, fylgist með. DV-mynd G.Bender/JKS




**Æsispennandi keppni í tvenndarleik. Ásta Urbancic og Tómas Guðjónsson (th.) eru sem sjá má einu stigi yfir í 2. lotu. Hin gamalreynda Poline Soper í liði Jersey slær boltann, en í netið og Ísland vann lotuna 25-23 og leikinn 2-0.**
Tímamynd Pjetur.

Evrópukeppnin í borðtennis:

# Ísland í aðra deild

## – unnu alla leiki sína um helgina

Íslenska landsliðinu í borðtennis tókst ætlunarverk sitt um helgina, að sigra í 3. deild Evrópukeppninnar í borðtennis sem háð var í íþróttahúsi Kennaraháskólans. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar leika í 2. deildinni en þar er keppt heima og heiman, ekki í fjölliðamóti eins og 3. deildin.

Íslenska liðið vann alla leiki sína um helgina, fyrst Mön 4-3, þá Jersey 5-2, Guernsey 7-0 og Færeyjar 6-1.

Keppni í 2. deildinni er mun harðari en í 3. og má t.d. geta þess að lið Guernsey sem hefur verið á hálfgerðu flakki milli deildanna tveggja hefur jafnan komið rakleitt niður aftur. Borðtennismenn reikna enda með því að tapa, en ætla að ná sér með því í reynslu og vera svo tilbúnir í slaginn næst.

- HÁ

Tíminn 23-02-88

*Borðtennis* Þjóðv. 23.02.88

# Ætlum að vera uppi

*Ísland vann sig upp í 2. deild í Evrópukeppninni. Þátttakendur mjög ánægðir með mótið. Hjálmtýr kom, sá og sigraði*

**Íslenska borðtennislandsliðið gerði sér lítið fyrir um helgina og vann alla andstæðinga sína í 3. deild Evrópukeppninnar, sem haldin var í fyrsta sinn hér á landi. Í hófi fyrir keppendur og aðstandendur keppninnar á sunnudagskvöldið var Borðtennissambandinu hrósað upp í hástert fyrir skipulag keppninnar og allan aðbúnað.**

Að taka þátt í 2. deild er dýrt dæmi en að sögn Halldórs Haralz stjórnarmanns BTÍ er ætlunin að halda sér uppi. Í 2. deild eru margar stórþjóðir svo sem Skotland, Wales og Sviss, en líklega verður keppt við 2-3 þjóðir í hverri keppnisferð til að spara.

Það munaði þó mest um að fá heim Hjálmtýr Hafsteinsson því hann vann alla sína leiki. Hjálmtýr er við nám í tölvunarfræðum í Bandaríkjunum og tekur jafnframt þátt í mótum þar. Þar er keppt eftir öðru fyrirkomulagi, svipað og ELO stig skákmanna. Menn fá punkta fyrir unna leiki, fáa ef þeir spila við menn sem hafa hlotið færri punkta en þeir sjálfir en marga ef þeir spila við betri menn. Í Bandaríkjunum eru um 6000 manns sem keppa að staðaldri á mótum og er Hjálmtýr í kring um 150. sæti í röðinni.

Íslendingar hafa aldrei unnið Guernsey áður en nú unnu þeir alla sína leiki við þá. Í lið Guernsey vantar líka tvo þeirra bestu menn.

**Úrslit:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 4 | 4 | 0 | 22- 6 | 4 |
| Isle of Man | 4 | 3 | 1 | 18-10 | 3 |
| Jersey | 4 | 2 | 2 | 17-11 | 2 |
| Færeyjar | 4 | 1 | 3 | 9-19 | 1 |
| Guernsey | 4 | 0 | 4 | 4-24 | 0 |

–ste

# 100 ára afmæli

Föstudaginn 25. ágúst stendur stórblaðið Lykkjan fyrir 100 ára afmælisveislu. Veislan er haldin í tilefni af því að um þessar mundir verða Hjálmar Aðalsteinsson 35 ára, Hjálmtýr Hafsteinsson 30 ára og Tómas Ó. Guðjónsson 30 ára. Til viðbótar eru 15 ár síðan Tómas og Hjálmtýr byrjuðu að spila saman tvíliðaleik, en til frádráttar koma hins vegar þau 10 ár sem Hjálmar hefur "þjálfað" Tómas og Hjálmtý. Samtals 100 ár!

Haldið verður uppá aldarafmælið í Skíðaskála ÍR í Hamragili (rétt hjá Kolviðarhól) og hefst fjörið kl. $20^{30}$ föstudaginn 25. ágúst. Boðið verður uppá (aldargamla) síldarrétti og bjór. Síðan er ætlast til að gestir láti drykkjarföng 🍸 af hendi rakna fyrir sig (og afmælisbarnið).

Skíðalyftan verður opin og skíði og skautar verða til reiðu fyrir þá sem vilja, að vísu er engin bjór í hlíðinni, en það er aðalatriði.

Stjórn leynifélagsins Gyllta Spaðans



1989



● Tómas Guðjónsson vann meistaraflokk karla á Stóra Víkingsmótinu.

# Tómas lagði Kjartan í úrslitaleiknum

## – á Stóra Víkingsmótinu í borðtennis

Stóra Víkingsmótið í borðtennis fór fram um fyrri helgi og var þátttaka góð þrátt fyrir leiðinlegt veður. Keppendur voru um sextíu og var þetta eitt fjölmennasta mót vetrarins.

Tómas Guðjónsson, KR, sigraði Kjartan Briem, KR, 3–2, í skemmtilegum úrslitaleik í meistaraflokki karla. Víkingarnir Kristján Jónasson og Kristinn Már Emilsson deildu þriðja sætinu.

Berglind Sigurjónsdóttir, KR, sigraði Elínu Evu Grímsdóttur, KR, í úrslitaleik í meistaraflokki kvenna.

Jón Karlsson, Erninum, vann 1. flokk karla. Hann sigraði Ragnar Ragnarsson, Erninum, í úrslitaleik. Pétur Kristjánsson, Stjörnunni, og Davíð Pálsson, Erninum, deildu þriðja sætinu.

Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Víkingi, vann óvæntan sigur á Auði Þorláksdóttur, KR, í úrslitaleik í 1. flokki kvenna. Eva Jósteinsdóttur og Hrefna Halldórsdóttir úr Víkingi urðu í 3.–4. sæti.

Hrafn Árnason, KR, vann Kristin Friðriksson, Víkingi, í úrslitum í 2. flokki karla. Ingimar Ingimarsson, KR, og Arnþór Guðjónsson, Stjörnunni, deildu þriðja sætinu.

-VS

20 febrúar 1989

# Vesturbæingar urðu Íslandsmeistarar

## – í deildakeppni í borðtennis í karlaflokki

Fyrir nokkru réðust úrslit í 1. deild karla í borðtennis. A-lið KR varð þar hluskarpast, hlaut 20 stig úr 10 leikjum. Víkingar urðu í 2. sæti en þeir nældu í 15 stig. Í 3. sæti varð Stjarnan úr Garðabæ en hún bar 12 stig úr býtum. Kjartan Briem úr KR varð punktahæsti leikmaður tímabilsins, fékk 111 punkta. Næstur honum kom Kristján Jónasson úr Víkingi, hann hreppti 69 punkta á leikárinu.

17.04.89
DV

Íslandsmeistaramótið í borðtennis:

# Kjartan vann í maraþonrimmu

## – Kjartan Briem og Ragnhildur Sigurðardóttir urðu meistarar



● Kjartan Briem, Íslandsmeistari í meistaraflokki karla. DV-mynd GS



● Ragnhildur Sigurðardóttir, Íslandsmeistari í meistaraflokki kvenna. DV-mynd GS

Kjartan Briem úr KR varð Íslandsmeistari í einliðaleik karla í borðtennis um helgina. Ragnhildur Sigurðardóttir úr Stjörnunni vann sama titil í kvennaflokki.

Mótið fór fram í Laugardalshöll.

Úrslitaleikurinn í meistaraflokki karla varð gríðarlega tvísýnn og skemmtilegur en þar áttust við þeir Kjartan og Hjálmtýr Hafsteinsson úr KR. Hafði Kjartan Briem betur eftir maraþonrimmu, fimm lotur. Kjartan vann fyrstu lotuna, 21–17, en Hjálmtýr jafnaði er hann sigraði í þeirri næstu, 20–22. Þá vann Kjartan, 21–19, en Hjálmtýr var ekki af baki dottinn og hafði betur í næstu lotu, 21–23.

Kjartan Briem varð síðan hlutskarpari í úrslitalotunni, sem var afar spennandi, vann þá 21–19.

Ragnhildur Sigurðardóttir lagði Auði Þorláksdóttur úr KR að velli í úrslitaleik í meistaraflokki kvenna, 21–7 og 21–7. Hafði hún nokkra yfirburði eins og tölurnar gefa til kynna.

Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik í karlaflokki en þeir lögðu þá Kjartan Briem og Tómas Sölvason í úrslitum, 21–4 og 23–21.

Allir þessir kappar eru úr KR.

Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Lilja Benónýsdóttir og Sigurborg Ólafsdóttir úr UMSB. Keppt var með útsláttarformi í öllum keppnisflokkum nema þessum. Í honum léku allir við alla.

Í tvenndarkeppni unnu Tómas Guðjónsson og Berglind Sigurjónsdóttir úr KR þau Kjartan Briem og Auði Þorláksdóttur, einnig úr KR, í úrslitum. Leikar fóru 18–21, 21–18 og 21–14.

Í 1. flokki karla varð Jón Karlsson úr Erninum Íslandsmeistari en hann lagði Sigurbjörn Sigfússon úr Víkingi, að velli í úrslitum, 21–16 og 26–24.

Í 2. flokki karla sigraði hins vegar Pétur Kristjánsson úr Stjörnunni stallbróður sinn, Gylfa Gylfason, einnig úr Stjörnunni. Urðu lyktir 21–17 og 34–32.

-JÓG

Fleiri 100 ára afmælisgestir

Megi þið lifa heilir í a.m.k. 1000 ár í viðbót

[illegible signature] — the superstitious
-11- splendid
afsakið skriftina

Inga Björnsdóttir —

Albrecht Ehmann

EIRÍKUR ARNARSON

Örn Franzson the second best

Guðmundur Sl. Maríus. the greatest

MACHIC BALL LIKE SA

SOO SMALL

Tristan Brache

Tómi Brien

— Bjarni Gunlaugs

Tómi Jón Eggert „Ralli"

Sigmundur G. Sigurðsson — 11 —

[illegible] Þórhallsson "Seyðisfirði

Íþróttablað ÍFR
4 árg. 1 tölubl. 1989

# BORÐ TENNIS

Borðtennisæfingar á vegum Í.F.R. eru tvisvar í viku í íþróttahúsi Hlíðaskóla á mánudögum kl. 18.00–19.30 og á fimmtudögum kl. 20.30–22.00. Undirritaður og Kristinn Friðriksson hafa stjórnað þar borðtennisæfingum s.l. vetur og hefur æfingasókn þeirra sem skráðir eru verið mjög góð. Borðtennis er íþrótt sem flestir fatlaðir geta auðveldlega stundað í flestum tilvikum, íþróttin reynir mikið á allan skrokkinn og hefur mjög góð áhrif á einbeitinguna, eins og glögglega hefur sést á því spastíska fólki sem hefur æft borðtennis. Í febrúar s.l. fór undirritaður á Malmö Open íþróttaleika í Svíþjóð. Tveir borðtennisspilarar frá Í.F.R. sem eru í hjólastól fóru þangað með og kepptu í borðtennis.

Keppendur á mótinu voru frá hinum ýmsu löndum og af öllum styrkleikaflokkum. Þar kom í ljós að allir möguleikar eru fyrir hendi í borðtennis fatlaðra og að okkar spilarar standa hinum ekki langt að baki. Þarna voru m.a. dvergar, fólk í hjólastólum og spastískt fólk. Tilþrifin sem þetta fólk sýndi voru ótrúleg og sannaðist þar máltækið „allt er hægt ef vilji er fyrir hendi." Við spjölluðum þarna við marga borðtennisspilara og voru þeir sammála um eitt, að öllum kúlum sem kæmu yfir netið væri mögulegt að ná. Meðal annars sáum við hjólastólanotendur henda sér út úr stólnum til að ná kúlunni.

Möguleikar íþróttamanna eru miklir hjá Í.F.R. Fyrir utan þá ánægju og gagn sem fólk hefur af íþróttum leggur félagið sig fram um að senda fólk í keppni bæði innanlands og utan. Í keppnisferðum gefst fólki tækifæri til að kynnast öðrum þjóðum og íþróttafólki, ásamt því að taka þátt í skemmtilegum og fjölmennum mótum.

Borðtennisæfingarnar munu hefjast að nýju að loknu sumarleyfi í september. Þjálfarar verða að öllum líkindum þeir sömu á vetri komandi.

Undirritaður vill hvetja alla sem hafa áhuga, að kynna sér starfsemina hjá Í.F.R. Með von um góða þátttöku.

**Ingólfur Arnarson.**
**þjálfari**

ÍÞRÓTTAFÓLKIÐ...

Íþróttablað ÍFR

## Elsa Stefánsdóttir:

# LEIST BEST Á BORÐTENNISINN

Elsa Stefánsdóttir hefur í gegnum tíðina verið einn af virkustu félögum ÍFR, bæði í æfingum og keppni, og ekki síður í félagsstarfinu. „Áður en ég veiktist var ég í frjálsíþróttum hjá Benedikt Jakobssyni og var að byrja að æfa handbolta. En eftir að ég fór í hjólastól gat ég ósköp lítið æft. Ég fór stundum með á æfingarnar, en var bara áhorfandi", segir Elsa.

„Það var svo með tilkomu ÍFR að ég fór að prófa mig áfram, ég hafði alltaf verið svolítið í sundi og prófaði líka boccia, og curling en leyst best á borðtennis. Ég fór að æfa borðtennis um haustið 1975 og í framhaldi af æfingunum kom svo þátttaka í mótum — Íslandsmótum, Norðurlandamóti, Evrópumóti og Heimsleikunum — og ég er ennþá að", segir Elsa hlæjandi.

„Reyndar er ég hætt að fara til útlanda", segir hún. „Ég fékk kransæðastíflu og hreinlega treysti mér ekki í jafn erfið ferðalög og keppnisferðirnar eru. En ég tek þátt í öllu sem ég kemst í hér í nágrenninu", segir hún, „auk þess sem ég trimma náttúrulega í hjólastólnum á stéttinni fyrir utan heima hjá mér."

Elsa Stefánsdóttir með kúluna í sigti.



Margrét Sigurðar Ásmundsdóttir
Laugarásveg 7

[illegible]

Sigurður Ingólfsson

Aðalsteinn Hjálmars

Örn Árnason

Gunnar Jóhannsson

Bjarni Haukur Bjarnason

Hjálmar Kr Aðalsteinsson

[illegible] Björk að Hellu

Stína Fram
er öll í lö

[illegible]

Hrefna Halldórsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir

# 100 ÁRA AFMÆLISGESTIR

Sigríður Guðjónsdóttir þakkar fyrir sig.
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Hrönn Maríusdóttir.
Darri Ólason
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Hanna Dóra Jóhannesdóttir
Aðalsteinn Hjálmarsson.
Kristján Kristinsson. K.K

Tómas Sölvason
Ég hafði alveg viljað þú myndir
ná þessum aldri. Til hamingju.

Ásta M. Urbancic & Tómas Óskar Guðjónsson

Rip, RAP og RUP.
Hjalli Tómas Hjálmtýr.

Til hamingju Gömlu gæsir.
Vona að aldar afmælið verði gott
og skemmtilegt hér í FK Sköla

Stína frænka biður að heilsa
Kristján Stínuson

verið besti leikmaður deildarinnar, hleypti nýju blóði í starfsemina. Á hann stóran þátt í velgengni deildarinnar hin síðari ár.

Á því hefur borið að önnur félög hafa falast eftir þjálfurum og leikmönnum deildarinnar. Virðast sum félögin geta boðið mjög vel og nú nýlega höfum við séð á eftir einum besta leikmanni okkar, er gerðist þjálfari og leikmaður hjá öðru félagi.

Á undanförnum árum hafa það mikið til verið sömu einstaklingarnir sem borið hafa merki deildarinnar hvað hæst á lofti. Margir hverjir hafa bæði keppt undir merkjum félagsins og auk þess staðið í rekstri og annarri starfsemi. Það er þó sérstaklega einn sem hefur bæst í þennan hóp, en það er Kjartan Briem. Hann hefur náð mjög góðum árangri í íþróttagrein sinni þrátt fyrir ungan aldur. Á síðasta keppnistímabili náði hann þeim frábæra árangri að verða sexfaldur Íslandsmeistari. Þá hefur hann látið til sín taka við þjálfun yngstu liðsmannanna og er óhætt að segja að hann sé vel liðinn í þeim hópi.

Þó að árangur hafi ætíð verið mjög góður hjá deildinni, hafa fjármálin ekki verið neinn rósadans. Á árum áður var oft tap á deildinni, en hin síðari ár hefur fjárhagurinn batnað til muna. Mun deildin nú vera ein af fáum deildum innan KR sem er skuldlaus við aðalstjórn. Fjármálin hafa verið undir styrkri stjórn Jóns Kr. Jónssonar, gjaldkera. Hann, ásamt Sveini Áka formanni, hafa setið í stjórn borðtennisdeildar nær öll árin frá stofnun, en Sveinn var aðalhvatamaður að stofnuninni.

Þá er þessu stutta spjalli um gang borðtennisdeildar senn lokið. Við óskum öllum deildum innan KR góðs gengis á næstu árum, svo og öllum KR-ingum. Við vonum að þú, lesandi góður, takir undir í huganum þegar við hyllum gamla góða KR.

KR LENGI LIFI! Húrra, húrra, húrra... (endurtekið 90 sinnum).

*T.S.*




A-lið borðtennisdeildar KR keppnistímabilið 1988–1989. Frá vinstri: Jóhannes Hauksson, Hjálmtýr Hafsteinsson og Kjartan Briem.

# Viðtal við Kjartan Briem

**Þrátt fyrir ungan aldur (18 ára), hefur Kjartan Briem náð stórgóðum árangri í íþrótt sinni. Árangur hans kemur okkur eldri mönnum borðtennisdeildar ekkert á óvart, því sennilega hefur enginn æft eins vel og af jafnmiklum krafti og Kjartan undanfarin ár. Kjartan hefur geysilega gott keppnisskap og tæknin er honum í blóð borin. Hann hefur því alla möguleika á að bæta sig enn verulega í framtíðinni. Við tókum „krakkann", eins og við eldri köllum hann, í viðtal til að fræðast örlítið nánar um hagi hans.**

*– Hvenær byrjaðir þú að æfa borðtennis og hvernig atvikaðist það?*

Ég byrjaði 1981, þegar ég var 10 ára, eftir að við bræðurnir höfðum fengið borðtennisborð í jólagjöf. Þá var verið að gera átak í unglingamálum hjá borðtenniseildinni. Við höfðum mjög góðan þjálfara og lærðum því grunninn vel, sem öll mín þjálfun og æfingar hafa síðan byggst á. Þeir eru alltof margir sem byrja að leika borðtennis án þess að leggja rækt við grunninn, en hann er óskaplega mikilvægur og lærist nær eingöngu með tilsögn. Bílskúrsleikmenn ná sjaldan góðum árangri nema tilsögn fylgi, en þá fyrst geta þessir leikmenn orðið mjög góðir, því margir þeirra spila mikið borðtennis og skortir því ekki æfinguna.

*– Hvað kom til að þú valdir borðtennis frekar en eitthvað annað?*

Fyrstu árin var ég bæði í borðtennis og fótbolta, en þetta rakst lítið á þar sem ég æfði borðtennis á veturna en fótbolta á sumrin. Þegar borðtennisinn fór að taka meiri tíma og þetta fór að rekast á, valdi ég borðtennisinn, aðallega vegna þess að þar var skemmtilegt fólk og



meira félagsstarf heldur en í fótboltanum.

*– Hverju myndir þú helst vilja þakka góðum árangri til þessa?*

Helstu ástæðurnar fyrir árangri mínum tel ég vera þær að alveg frá upphafi hef ég haft mjög góða þjálfara. Einnig það að breiddin hefur alltaf verið mikil í KR og því nóg af góðum leikmönnum til að æfa með. Önnur ástæða er ef til vill sú að ég hef fengið mörg tækifæri til að fara erlendis að æfa og keppa.

*– Hvað finnst þér svona heillandi við borðtennisíþróttina?*

Allar fríu utanlandsferðirnar!

*– Hvað er þér minnisstæðast frá ferli þínum?*

Tveir leikir eru mér minnisstæðastir. Annar var þegar ég vann enskan unglingalandsliðsmann á móti í Skotlandi 1987, en hinn þegar ég sigraði Guðmund Maríusson á Íslandsmótinu 1985.

*– Hvað er á döfinni hjá þér um þessar mundir?*

Núna æfi ég mjög grimmt, u.þ.b. 7 sinnum í viku, því framundan er Evrópukeppni landsliða á Spáni og í Grikklandi, og síðan e.t.v. heimsmeistarakeppnin í Dortmund í mars.

*– Einhver markmið í framtíðinni?*

Ég stefni einfaldlega að því að verða betri í framtíðinni. Kannski fer ég út í lönd einhvern tíma, en það verður bara að koma í ljós.

*– Að lokum Kjartan, hverjir eru stærstu titlarnir sem þú hefur unnið?*

Ég hef unnið alls til 19 Íslandsmeistaratitla, flesta í unglingaflokkum. Kærastur er mér þó titillinn í einliðaleik karla 1988. Þá hef ég verið kjörinn borðtennismaður ársins 1986 og 1988. Þetta eru þeir titlar sem mér þykir mest um vert.

LÝSI

**Borðtennisdeildin hefur gert auglýsingasamning við LÝSI H/F. Þökkum þeim veittan stuðning.**



MBL: 14.09.89

BORÐTENNIS

# Kínverskur heimsmeistari til Stjörnunnar

Mikill hugur er í herbúðum borðtennismanna hjá Stjörnunni í Garðabæ. Í gær gengu þeir frá ráðningu á þjálfara frá Kína, sem er ekki af verri endanum. Það er Hu Dao Ben, sem er 45 ára. Hann hefur tvisvar sinnum orðið heimsmeistari með kínverska landsliðinu í liðakeppni og komst hæst í áttunda sæti á styrkleikalista alþjóða borðtennissambandsins.

Hu Dao Ben hefur þjálfað á Ítalíu og var þjálfari Chen Jing og Qiao Hong, sem urðu heimsmeistarar í á heimsmeistaramótinu í Dortmund á dögunum. Hann mun þjálfa alla flokka Stjörnunnar. Forráðamenn félagsins eru mjög bjartsýnir á að koma Hu eigi eftir að auka borðtennisáhugann í Garðabæ enn meira, en Stjarnan vann sjö meistaratitla á síðasta Íslandsmóti í borðtennis.

[illegible] Briem

Sigrún Jörundsdóttir

Sveinn [illegible]

Margrét Ingadóttir

Pétur [illegible]

Jóhannes [illegible]

[illegible]

[illegible]

Margrét Alexandersd.

Hafstein Sigurðsson

Kristín Mái Carlsson

Hafstein Hafstein

Sigurlaug Kr. Jóhannsd.

Ágústa Hjálmtýsdóttir

Gunnar Jóhannsson

Inga Karlsdóttir

TH. STELLA HAFSTEINSDÓTTIR

Birger Sandholt

Helga Björnsdóttir

Bjarni Ó. Halldórsson

Erna Böðvarsdóttir

Hafna Þórarins

Gústaf Gústafsson

Tisdagen den 14 november 1989

# VM-spelaren som lirar pingis för skojs skull

**Han är knappt 19 år och har redan spelat både EM och VM. Dessutom är han rankad etta i sitt hemland. Men tro inte att isländningen Kjartan Brien tar plats i Kalmar BTK:s division I-lag för det.**
**– Nej, det har jag inga ambitioner att göra heller. Konkurrensen är alldeles för hård för mig, skrattar Kjartan som under hösten har representerat KBTK:s andralag, Kalmariterna..!**



*BÄST PÅ ISLAND...*
*är Kjartan Brien. Men i Kalmar BTK platsar han inte i Aölaget. Utan han är mest i Kalmar för att se och lära.*
Bild: Tomas Königsson

Kjartan anlände till Kalmar i september från Reykjavik. Han ville komma ut och se och lära.

Gamle dubbelvärldsmästaren Kjell "Hammaren" Johansson kontaktade BTK-tränaren Lennart Magnusson om Kjartan och visst var KBTK sugna på att plocka hit ett namn som skulle kunna förstärka Kalmariterna.

### □ Tränat hårt

Och ända sedan han kom hit har han tränat hårt, mycket hårt. Upp till två pass om dagen har det blivit.

– I somras ägnade jag inte pingisen särskilt mycket tid, så därför var jag ganska ringrostig när jag kom hit, berättar Kjartan.

– Men nu är jag nästan övertränad så jag vågar inte lova att jag är en bättre spelare nu än när jag lämnade Island.

I våras representerade han sitt hemland vid VM i Dortmund. Givetvis blev det respass i första omgången, men självfallet var det en stor upplevelse.

– Jag hade 5–1 i första set mot västtysken Jörg Rosskopf, men sedan var det roliga slut, minns Kjartan.

Tyvärr ser det ut som om det inte blir några fler större turneringar inom den närmaste framtiden.

– Isländska förbundet har ont om pengar och troligtvis kommer jag inte att spela EM i Göteborg till våren.

Däremot kan det mycket väl bli tal om start i SOC i december.

– Vet ännu inte hur det blir med den saken, men troligtvis kommer jag inte till spel.

Tiden i Kalmar har annars varit mycket rolig. Förutom bordtennis har han kunnat acklimatisera sig även socialt.

– Alla har ställt upp på bästa sätt och gjort den här vistelsen till en härlig upplevelse, berömmer Kjartan.

### □ Liten sport

Kjartan ska åka hem till Island igen om en dryg månad. Ett Island där bordtennis fortfarande är en mycket liten sport.

Runt 8-9 klubbar delar på de femtiotalet seniorspelare som finns att tillgå...

Kjartan representerar KR (Knattepyrnufelog Reykjavikur), som är Islands bästa pingisklubb.

Hur kommer det sig då att man väljer bordtennis när man bor på Island?

– Jag har spelat fotboll också, men sedan jag tvingades välja var valet inte särskilt svårt. Pingis är skitkul helt enkelt, tycker Kjartan.

Några direkt högtflygande drömmar om medaljer i VM har inte den isländske landslagsmannen.

– Visst vore det kul att komma med på världsrankingen så småningom, men jag har faktiskt ett kortsiktigare mål också.

– Att besegra Henrik Gustavsson, säger Kjartan skämtsamt.

Och det sistnämnda kanske låter betydligt mer trovärdigt för VM och EM-meriterade Kjartan Brien!

Jörgen Ström

KR-blaðið '88

BORÐTENNIS

# Borðtennisdeild



Hjálmar Aðalsteinsson aðalþjálfari deildarinnar frá 1985. Hjálmar leikur einnig með B-liði deildarinnar, sem náði m.a. 3. sæti í fyrstu deildinni á síðastliðnu keppnistímabili.

**Það er vel við hæfi að byrja á því að óska öllum KR-ingum til hamingju með þetta stórafmæli félagsins. Á 90 ára ferli sínum hefur félagið náð að þróast í stærsta og öflugasta íþróttafélag landsins. KR-ingar mega svo sannarlega vera stoltir af félagi sínu.**

Borðtennisdeildin er stofnuð 1. júlí 1969 og er hún því næstyngsta deildin innan KR, en jafnframt elsta borðtennisdeildin á landinu. Á svipaðan hátt og KR hefur verið brautryðjandi afl á sviði íþróttamála í langri sögu þess, hefur borðtennisdeildin gegnt svipuðu hlutverki á sínu sviði hérlendis.

Borðtennisdeild KR hefur átt því láni að fagna að vera ákaflega sigursæl. Síðustu fimm árin hafa ekki verið nein undantekning þar á. Hefur KR náð sigri í Íslandsmótinu öll árin og þar með orðið Íslandsmeistari þrettán sinnum í röð. Þegar þetta er ritað er keppnistímabilið (1988–1989) senn hálfnað og hefur liðið leikið mjög sannfærandi. Virðist svo sem mikið þurfi að ganga á svo að fjórtándi sigurinn verði ekki okkar. Þá skal á það minnst, að það bar til tíðinda fyrir nokkru, að frjálsíþróttadeild ÍR-inga náði ekki sigri í bikarkeppni frjálsíþróttasambandsins, en ÍR-ingarnir höfðu sigrað í þessari keppni í 17 skipti í röð. Í gegnum árin höfum við í borðtennisdeildinni fylgst grannt með gengi þeirra ÍR-inga, því það er ekkert launungarmál að við höfum mikinn áhuga á að hnekkja þessu meti ÍR-inganna. Nú höfum við loks vel skilgreint markmið til að keppa að. Við þurfum að sigra 5 skipti í viðbót til að hnekkja meti ÍR-inganna. Vonandi verður hægt að greina frá því í næsta afmælisblaði að þessu meti hafi verið hnekkt. Það væri vissulega stór áfangi í sögu deildarinnar.

Deildin hefur aldrei verið sérlega fjölmenn. Önnur félög hafa oft furðað sig á því hve góður árangur hennar hefur í raun verið, þrátt fyrir fámennið. Að vísu hefur fjöldinn farið vaxandi hin síðari ár, enda hefur árangur deildarinnar eðlilega spurst út. En árangurinn má eflaust þakka þeirri staðreynd að deildin hefur ætíð verið ákaflega heppin með þjálfara. Þeir hafa haft einstakt lag á að ná því besta fram í sérhverjum einstaklingi. Þjálfararnir hafa langflestir verið úr okkar röðum. Árið 1985 varð Hjálmar Aðalsteinsson aðalþjálfari borðtennisdeildar. Hjálmar, sem hafði á árum áður



KR-A í leik gegn Víkingi í liðakeppninni. Hér leika Hjálmtýr og Kjartan saman í tvíliðaleik. KR sigraði örugglega, 6:0.



Á æfingum er oft þröngt á þingi og þá er um að gera að nýta plássið vel.

LAUGARDAGUR 2. DESEMBER 1989



Morgunblaðið/Sverrir

## Jólamót í borðtennis

Einbeitnin skein úr svip þátttakenda á þriðja Jólamóti grunnskólanna í Reykjavík í borðtennis. Um 400 börn og unglingar á aldrinum 10 til 15 ára tóku þátt í mótinu, sem Íþrótta- og tómstundaráð stóð fyrir í Laugardalshöll í gær. Nemendur Seljaskóla sigruðu í báðum eldri flokkunum og nemendur Ölduselsskóla í þeim yngri.

12.12.89
MBl

BORÐTENNIS

### Punktastaða BTÍ

| **Meistaraflokkur karla:** | **pt.** |
|---|---|
| Tómas Óskar Guðjónsson, KR | 84 |
| Hjálmtýr Hafsteinsson, KR | 45 |
| Bjarni Bjarnason, Stjarnan | 19 |
| Kristján Viðar Haraldsson, Víkingur | 18 |
| **1. flokkur karla.** | |
| Gunnar Birkisson, Örninn | 33 |
| Vignir Kristmundsson, Örninn | 24 |
| Gunnar Finnbjörnsson, Örninn | 18 |
| **Meistaraflokkur kvenna:** | |
| Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Víkingur | 21 |
| Lilja Benónýsdóttir, Stjarnan | 9 |
| Berglind Sigurjónsdóttir, KR | 3 |
| **1. flokkur kvenna:** | |
| Hrafnhildur Sigurðardóttir, Víkingur | 8 |
| Sigurborg Ólafsdóttir, Stjarnan | 6 |
| Ingibjörg Árnadóttir, Víkingur | 5 |
| **2. flokkur karla:** | |
| Pétur Kristjánsson, Stjarnan | 28 |
| Gylfi Gylfason, Stjarnan | 19 |
| Ómar Hilmarsson, Stjarnan | 18 |

**Úrslit í 5. umferð 1. deildar karla í borðtennis:**

| | |
|---|---|
| KR-B — Örninn-A | 6:3 |
| Örninn-B — Víkingur | 1:6 |
| Stjarnan — KR-A | 5:5 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR-A | 5 | 4 | 1 | 0 | 29:10 | 9 |
| Stjarnan | 5 | 3 | 2 | 0 | 28:12 | 8 |
| Víkingur | 5 | 2 | 1 | 2 | 19:20 | 5 |
| KR-B | 5 | 2 | 1 | 2 | 20:23 | 5 |
| Örninn-A | 5 | 1 | 1 | 3 | 16:25 | 3 |
| Örninn-B | 5 | 0 | 0 | 5 | 8:30 | 0 |

MBl- 13.12.89

■ ***KJARTAN** Briem, KR,* var kjörinn borðtennismaður ársins — annað árið í röð. **Kjartan** er **Íslandsmeistari,** var punktahæstur leikmanna í meistaraflokki og lék 13 af 16 landsleikjum á síðasta keppnistímabili.

■ ***PÉTUR Ö. Stephensen*** sigrað í fyrsta **Hafnarfjarðarmótinu** í borðtennis sem fram fór fyrir skömmu. **Ómar Hannesson** varð í öðru sæti og **Sigurbjörn Sigfússon** í þriðja. **Guðmundur P. Stephensen** var yngsti keppandinn á mótinu, aðeins sjö ára, en hann hafnaði í 6. sæti. 1 89

MBl. 19.12.89

TÓMSTUNDIR

# Þúsundir grunnskólanema í keppni og leik

Starf Íþrótta- og tómstundaráðs í grunnskólum Reykjavíkur á haustönn hefur verið með hefðbundnum hætti en í því felst að gróska hafi verið mikil í starfinu. Alls störfuðu 260 flokkar með 2.647 þátttakendum og voru viðfangsefnin hin margvíslegustu, allt frá frímerkjasöfnun og upp í stjörnufræði. Haustönninni lauk með því að haldin voru borðtennis- og skákmót, borðtennismótið í Laugardalshöllinni en skákmótið í nýju félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur. 65 sveitir kepptu í borðtennis og voru það Öldusels- og Seljaskóli sem sigruðu á öllum barna- og unglingastigum. Í skákkeppninni sigraði hins vegar Hagaskóli í eldri flokki en Breiðholtsskóli í yngri flokki. 43 sveitir mættu til leiks.



7.-9. bekkjar borðtennislið stúlkna úr Seljaskóla varð sigursælt.

# Stefán ráðinn framkvæmdastjóri KSÍ

**STEFÁN Snær Konráðsson var í gær ráðinn framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands. Sökum starfs síns sem framkvæmdastjóri Íþróttahátíðar ÍSÍ í sumar getur hann ekki hafið störf fyrr en henni lýkur, eða 1. júlí.**



Stefán Snær er 31 árs, giftur Valgerði Gunnarsdóttur og eiga þau tvö börn. Hann er kunnur landsliðsmaður í borðtennis og margfaldur Íslandsmeistari. Stefán lauk námi í Osló sem íþróttastjórnunarfræðingur og samtímis því stundaði hann nám í skrifstofustjórnunarfræði.

„Þetta er spennandi starf og jafnframt erfitt. Knattspyrnusambandið er langstærsta sérsambandið innan ÍSÍ. Það tekur örugglega góðan tíma að aðlagast þessu starfi. Ég mun leggja mesta áherslu á að efla samskipti við félögin og endurskipuleggja skrifstofustarfið," sagði Stefán Snær í stuttu spjalli við *Morgunblaðið* í gærkvöldi.

Stefán sagði að hann gæti ekki hugsað mikið um starf sitt hjá KSÍ fyrr en Íþróttahátíð ÍSÍ lýkur. „Þá mun ég yfirgefa mjög góðan vinnustað. Það hefur verið mér mikil reynsla að starfa hjá Íþróttasambandi Íslands," sagði Stefán Snær Konráðsson.

**Borðtennisáhuginn blómstrar á Grenivík:**

# Sex af fjórtán í unglingalandsliðinu frá Grenivík



Morgunblaðið/Rúnar Þór

**Af fjórtán manna landsliði unglinga í borðtennis eru sex frá Grunnskólanum á Grenivík. Hinn föngulegi hópur endurnýjaði kynni sín við borðtennisspaðann nýlega, en í sumar hafa krakkarnir unnið í frystihúsinu og gerðu þá hlé á æfingum á meðan á meðhöndlun fisksins stóð. Frá vinstri eru Gísli Gunnar Oddgeirsson, Guðrún Pétursdóttir, Sigrún Þórsteinsdóttir, Hólmfríður Björnsdóttir og Axel Eyfjörð, en á myndina vantar Stefán Gunnarsson.**

**BORÐTENNISÁHUGI er og hefur verið afar mikill á meðal nemenda Grunnskóla Grenivíkur og hafa þeir borið hróður skólans víða. Í fjórtán manna landsliði unglinga í borðtennis eru sex frá Grenivík, fimm eru úr Stjörnunni í Garðabæ, tveir úr Víkingi og einn úr KR. Í sumar keppti landsliðið í Skotlandi og gekk eftir atvikum vel. Landsliðskrakkarnir frá Grenivík hafa verið önnum kafnir við undirstöðuatvinnuveginn og því einkum handleikið fisk síðustu tvo mánuði, en nú nýlega endurnýjuðu þeir kynni sín við borðtennisspaðann og fylgdust Morgunblaðsmenn með snilldartöktum grenvísku unglinganna um stund.**

Krakkarnir frá Grenivík sem valdir voru í landsliðið eru Gísli Gunnar Oddgeirsson, Stefán Gunnarsson, Axel Eyfjörð, Guðrún Pétursdóttir, Sigrún Þórsteinsdóttir og Hólmfríður Björnsdóttir.

Upphaf hins mikla áhuga á þessari íþróttagrein má rekja til þess er skólinn keypti borðtennisborð fyrir um sex árum. Borðið var einkum keypt í því augnamiði að krakkarnir hefðu eitthvað við að vera í frímínútum og er skemmst frá því að segja að slegist var um að komast að borðinu. Ekki leið á löngu þar til krakkarnir höfðu náð nokkurri leikni og var því afráðið að þau tækju þátt í héraðsmóti. Heim komu þau með tvo meistaratitla sem síðan hafa haldist við skólann.

Fyrri part sumars héldu landsliðskrakkarnir til Englands og Skotlands til keppni og dvöldu þá í fimm daga í æfingabúðum í Skotlandi þar sem skoskur þjálfari auk þriggja íslenskra hafði með höndum þjálfun. Krakkarnir sögðu að þátttaka í mótinu hefði verið mjög lærdómsrík og gaman að taka þátt í því. „Það reiknaði enginn með sigri, svo við urðum ekki fyrir vonbrigðum. Við spiluðum við Englendinga og Íra, en þeir eru sterkastir í þessu, en þau lið sem eru slappari en okkar tóku því miður ekki þátt," sögðu krakkarnir.

Nú í haust fara flestir úr landsliðshópnum í framhaldsskólana á Akureyri og er ætlunin að halda æfingum áfram þar. Lítið hefur hins vegar farið fyrir borðtennisspilurum þar, en því hyggjast hinir ötulu grenvísku spilarar breyta og eru með ýmislegt á prjónunum til að efla þessa göfugu íþrótt í höfuðstað Norðurlands.

MBL: 14.09.89

DAGUR Þri 28.11.89




Borðtennis:

# Magnakrakkar sterkir í unglingaflokkunum

**Opið borðtennismót á vegum Magna var haldið í íþróttahúsinu að Hrafnagili. Keppendur voru 84 frá sex félögum og er þetta eitt stærsta borðtennismót sem haldið hefur verið á Norðurlandi.**

Tómas Guðjónsson úr KR sigraði í bæði punktamóti karla og flokki karla 17 ára og eldri. Hann sigraði Hjálmtý Hafsteinsson KR í úrslitaleik í punktamótinu í oddalotu, 21:20, 19:21 og 21:18.

Aðalbjörg Björgvinsdóttir Víkingi sigraði í punktamóti kvenna en Hrefna Halldórsdóttir sigraði í meistaraflokki kvenna.

Krakkar úr Magna voru sigursæl í yngri flokkunum á þessu móti. Stefán Gunnarsson sigraði m.a. í 2. flokki karla og í flokki karla 15-17 ára. Guðrún Pétursdóttir sigraði í flokki stúlkna 15-17 ára.

Þór og UMSE fengu einn verðlaunahafa hvor. Sævar Helgason Þórsari lenti í 3.-4 sæti í flokki drengja 15-17 ára. Benedikt Benediktsson úr UMSE lenti í öðru sæti í flokki drengja 13-15 ára. Strákar úr HSÞ og Dalvík, Guðmundur Halldórsson og Steinn Símonarson, deildu síðan 3.-4. sætinu.

Nánar verður fjallað um mótið á íþróttasíðu síðar í vikunni.



**Tómas Guðjónsson og Hjálmtýr Hafsteinsson léku til úrslita í meistaraflokki karla. Tómas sigraði í oddahrinu eftir hörkuviðureign.**

Mynd: KL

BORÐTENNIS / ÍSLANDSMÓT

# Ragnhildur og Kjartan meistarar í einliðaleik

**KJARTAN Briem úr KR varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í borðtennis um helgina, þriðja árið í röð, og Ragnhildur Sigurðardóttir fagnaði sigri í meistaraflokki kvenna. Var það tíundi Íslandsmeistaratitill hennar í einliðaleik.**

*Skapti Hallgrímsson skrifar*

Kjartan mætti Tómasi Guðjónsson, einnig úr KR, í úrslitaleiknum og sigraði, 10:21, 21:17, 21:18, 21:13. Kjartan virkaði mjög spenntur í byrjun í Tómas sigraði örugglega í fyrstu lotunni. „Já, hann spilaði á veiku hliðarnar á mér. Á bakhöndina — hún er ekki til staðar. Ég reyni að slá allt með forhöndinni," sagði Kjartan við *Morgunblaðið* á eftir. „En svo sá ég við honum. Fór að spila á hans veiku hliðar. Tómas er hægari en áður, hreyfir sig ekki eins hratt. Ég spilaði því á borðhornin til skiptis," sagði Kjartan.

Þeir Tómas æfa saman hjá KR og þekkja leikstíl hvors annars mjög vel. „Úrslitaleikurinn var því ekki mjög mikið fyrir augað. Við hugsuðum báðir um að spila á veiku hliðar hins," sagði meistarinn nýbakaði. Honum gekk ekki vel nema í einliðaleiknum. Datt út í undanúrslitum tvíliðsleiksins og strax í fyrstu umferð í tvenndarleik. „Einliðaleikurinn er auðvitað aðalmálið og ég er mjög ánægður með að vinna hann," sagði Kjartan, en á honum var að skilja að hann væri þó ekki sáttur við útkomuna. Hefði viljað bæta fleiri titlum í safnið. Kjartan sagðist vitaskuld vonast til að halda í meistaratignina næstu árin, en sagði nokkra krakka vera á uppleið, „sem þó eiga eftir 2-3 ár enn til að standa í þeim bestu. Stelpan sem spilaði til úrslita við Ragnheiði er til dæmis mjög efnileg, og það eru líka mjög efnilegir strákar í Víkingi, þar sem unnið er sérstaklega gott unglingastarf. Þeir eiga eftir að spjara sig eftir nokkur ár — en ég mun gera heiðarlega tilraun til að halda titlinum."

Ragnhildur Sigurðardóttir, Íslandsmeistari kvenna, lét ekki nægja að sigra í einliðaleiknum. Hún varð þrefaldur meistari, vann einnig tvíliðaleik með Sigrúnu Bjarnadóttur úr UMSB og tvenndarleik með KR-ingnum Tómasi Guðjónssyni. Í einliðaleiknum sigraði Ragnhildur Aðalbjörgu Björgvinsdóttur, 21:14, 21:15, 21:8. „Ég hef ekkert æft í vetur," sagði Ragnhildur við *Morgunblaðið* eftir að sigrarnir voru í höfn. Hún sagðist hafa tekið sér frí í vetur, ekkert keppt fyrr en nú. „Ég kom bara í þetta mót." Hún sagðist vinna á reynslunni — „ég tók stelpurnar á taugum. Þær voru mjög stressaðar, vantar meiri reynslu. En breiddin er að verða meiri og þær koma til. Það eru margir efnilegar stelpur að kom upp," sagði hún.

■ Úrslit / B 7



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

**Kjartan Briem** og Ragnhildur Sigurðardóttir fagna Íslandsmeistaratitlunum.

BORÐTENNIS

## Íslandsmótið í borðtennis

**Meistaraflokkur karla:**
1. Kjartan Briem, KR ........ 10:21, 21:17, 21:18, 21:13
2. Tómas Guðjónsson, KR.
3.-4. Jóhannes Hauksson, KR
Örn Franzson, KR.

**Meistaraflokkur kvenna:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir, Stjörnunni ........ 21:14, 21:15, 21:8
2. Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Víkingi
3.-4. Auður Þorláksdóttir, KR
Berglind Sigurjónsdóttir, KR.

**1. flokkur karla:**
1. Guðmundur Maríusson, KR ........ 21:15, 21:14
2. Benedikt Halldórsson, Stjörnunni
3.-4 Ragnar Ragnarsson, Örninn
Hrafn Árnason, KR.

**1. flokkur kvenna:**
1. Ingibjörg Árnadóttir, Víkingi ........ 21:17, 21:18
2. Hrafnhildur Sigurðardóttir, Víkingi
3.-4. Eva Jósteinsdóttir, Víkingi
Hjördís Þorkelsdóttir, Víkingi

**2. flokkur karla:**
1. Ársæll Aðalsteinsson, Víkingi ........ 21-16, 17-21, 21-17
2. Sigurður Jónsson, Víkingi
3.-4. Helgi Þór Gunnarsson, Víkingi
Ólafur Þór Gunnarsson, Víkingi

**Tvíliðaleikur karla:**
1. Hjálmtýr Hafsteinsson — Tómas Guðjónsson, KR........ 21:17, 21:15
2. Hilmar Konráðsson — Stefán Konráðsson, Víkingi/Stjörnunni
3.-4 Kristján Viðar Haraldsson — Kristján Jónasson, Víkingi
Kjartan Briem — Bergur Konráðsson, KR/Víkingi

**Tvíliðaleikur kvenna:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir — Sigrún Bjarnadóttir, Stjörnunni/UMSB ........ 21:5, 21:17
2. Aðalbjörg Björgvinsdóttir — Hrefna Halldórsdóttir, Víkingi
3. Lilja Benónýsdóttir — Sigurborg Ólafsdóttir, Stjörnunni.
4. Auður Þorláksdóttir — Berglind Sigurjónsdóttir, KR.

**Tvenndarkeppni:**
1. Ragnhildur Sigurðardóttir — Tómas Guðjónsson, Stjarna/KR........ 22:20, 21:12
2. Sigrún Bjarnadóttir — Hilmar Konráðsson UMSB/Víkingi
3.-4. Hrefna Halldórsdóttir — Bergur Konráðsson, Víkingi
Berglind Sigurjónsdóttir — Örn Franzson, KR.

BORÐTENNIS

15.3.90

## KR Íslandsmeistari 15. árið í röð

KR-ingar hafa tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í liðakeppni Borðtennissambands Íslands 15. árið í röð, þó svo að ein umferð sé enn eftir. Þeir sem spilað hafa fyrir A-lið KR eru: Tómas Guðjónsson, Hjálmtýr Hafsteinsson, Kristinn Már Emilsson og Örn Franzson. Þess má geta að Tómas og Hjálmtýr hafa verið í liðinu nær öll 15 árin.

## Íslandsmótið í borðtennis:

# Skemmtileg keppni á flokkamótinu

Helgina 18.–19. nóvember sl. fór fram í Laugardalshöll fyrri hluti Flokkakeppni Íslandsmóts unglinga (15 ára og yngri) í borðtennis. Skráð voru til keppni 13 drengjalið og 4 stúlknalið. Liðin eru skipuð 2–4 leikmönnum og í hverjum leik eru spilaðir tveir einliðaleikir og síðan tvíliðaleikur. Leikur vinnst á 3 vinningum. Sé staðan 2–1 eftir 3 leiki er spilaðir einliðaleikir til að knýja fram úrslit. Seinni umferðin fer fram helgina 7.–8. apríl.

Útlitið er gott hjá Stjörnustrákunum Ómari Hilmarssyni og Tryggva Erni Valssyni í drengjaflokki, sérstaklega þar sem þeir unnu hið sterka A-lið Víkings. Sömuleiðis standa Víkingsstúlkurnar vel að vígi, þær Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir og Hekla Árnadóttir, en þær stöllur unnu alla sína leiki.

Vegna plássleysis sl. mánudag var ekki hægt að birta úrslitin í flokkamótinu og koma þau því hér á eftir.

**Staðan í flokkakeppninni**

Staðan í flokkakeppninni eftir fyrri umferð er sem hér segir.

**DRENGIR – A-riðill:**

Stjarnan (B) ..........3 3 0 0 9–0 6
Tryggvi Ö. Valsson, Ómar Hilmarsson.
Víkingur (A) ........3 2 0 1 6–4 4
Aðalsteinn Aðalsteinss, Sigurður Jónss.
Víkingur (D) ........3 1 0 2 4–6 2
Guðm. Stephensen, Ólafur Rafnsson.
Víkingur (E) .........3 0 0 3 0–9 0
Jón P. Ásgeirsson, Samúel Georgsson.

## Umsjón

**Halldór Halldórsson**

**DRENGIR – B-riðill:**

Stjarnan (A) .....4 4 0 0 12–2 8
Arnþór Guðjónss., Kristján Sveinbjörnss.
Víkingur (C) .....4 3 0 1 11–4 6
Oddgeir Oddgeirsson, Tryggvi Pétursson.
Stjarnan (C) ......4 2 0 2 7–6 4
Smári Einarsson, Gunnlaugur Briem.
Víkingur (G) .....4 1 0 3 3–10 2
Einar Jónsson, Ólafur Eggertsson.
Víkingur (H) .....4 0 0 4 1–12 0
Haukur Hanness, Sigurður Alexanderss.

**DRENGIR – C-riðill:**

Víkingur (B) ........3 3 0 0 9–2 6
Ólafur Stephensen, Ólafur Gunnarsson.
HSÞ ......................3 2 0 1 8–5 4
Ægir Jóhannsson, Gunnar Leósson, Gauti Tómasson.
Víkingur (F) ........3 1 0 2 5–6 2
Björn Jónsson, Unnar Arnalds.
Stjarnan (D) ........3 0 0 3 0–9 0

**STÚLKUR:**

Víkingur (A) ........3 3 0 0 9–1 6
HSÞ ......................3 2 0 1 6–4 4
Víkingur (B) ........3 1 0 2 5–6 2
Víkingur (C) ........3 0 0 3 0–9 0

A-lið Víkings: Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir og Hekla Arnardóttir.

Lið HSÞ: Elín Þorsteinsdóttir og Elva Helgadóttir.

B-lið Víkings: Guðmunda Kristjánsdóttir, Eva Jósteinsdóttir og Þórunn Bolladóttir.

C-lið Víkings: Hildur Jónsdóttir, Áslaug Eggertsdóttir, Harpa Helgadóttir og Ásdís Kristjánsdóttir.

Seinni umferðin verður í apríl og þá komast tvö efstu lið í hverjum riðli í milliriðil. Skömmu síðan er úrslitakeppnin um meistaratitilinn. Unglingasíða DV mun að sjálfsögðu fylgjast með.

**Aldursflokkamót Magna frá Grenivík**

Laugardaginn 25. nóvember sl. fór fram að Hrafnagilsskóla aldursflokkamót Magna. Úrslit urðu þessi:

**Piltar yngri en 13 ára:**
1. Sigurður Jónsson, Víkingi.
2. Ólafur Eggertsson, Víkingi.
3.–4. Samúel Georgsson, Víkingi og Ægir Jóhannsson, Magna.

**Telpur yngri en 13 ára:**
1. Eva Jósteinsdóttir, Víkingi.
2. Berglind Bergvinsdóttir, Magna.
3.–4. Margrét Hermannsdóttir, Magna og Hjördís Skírnisdóttir, Magna.

**Sveinar 13–15 ára:**
1. Ársæll Aðalsteinsson, Víkingi.
2. Bewnedikt Benediktsson, UMSE.
3.–4. Steinn Símonarsson, Dalvík og Guðmundur Halldórsson, Magna.

**Meyjar 13–15 ára:**
1. Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Víkingi.
2. Elín Þórsteinsdóttir, Magna.
3.–4. Ingibjörg Árnadóttir, Víkingi og Hekla Árnadóttir, Víkingi.

**Drengir 15–17 ára:**
1. Stefán Gunnarsson, Magna.
2. Axel Eyfjörð, Magna.
3.–4. Sævar Helgason, Þór og Gísli Oddgeirsson, Magna.

**Stúlkur 15–17 ára:**
1. Guðrún Pétursdóttir, Magna.
2. Hólmfríður Björnsdóttir, Magna.
3. Guðrún Guðmundsdóttir, Víkingi.

Myndir frá keppninni verða því miður að bíða betri tíma. Hson



● Krakkarnir úr íþróttafélaginu Magna frá Grenivík stóðu sig mjög vel í liðakeppninni 18. og 19. nóvember sl. Þau keppa undir merki HSÞ. Björn Ingólfsson, fararstjóri og liðsstjóri, kvað áhuga mikinn í Grenivík fyrir borðtennis og æfðu 40 krakkar að staðaldri. „Erfitt er þó með aðstöðu til æfinga og væru skólastofurnar notaðar miskunnarlaust að lokinni kennslu.“ – Liðið skipa eftirtaldir krakkar: Guðjón H. Hauksson, Stefán Gunnarsson, Gísli Oddgeirsson, Sigrún Þórsteinsdóttir, Ægir Jóhannsson, Guðrún Pétursdóttir, Hólmfríður Björnsdóttir, Gauti Valur Hauksson, Elín Þorsteinsdóttir, Elva Helgadóttir, Erla Valdís Jónsdóttir og Björn Ingólfsson fararstjóri. Á myndina vantar Gunnar Leóssson. DV-mynd Hson



● Í kvennaflokki urðu efstar þær stöllur úr Stjörnunni, Lilja Benónýsdóttir, til vinstri, og Sigurborg Ólafsdóttir. Þær eru báðar úr Borgarfirðinum en stunda nú nám í Reykjavík. Með þeim er þjálfari þeirra, Kinverjinn Huo Daoben. Hann sagðist, í samtali við DV, verða var við ákveðnar framfarir: „Æfingafjöldinn er 5 sinnum í viku og væru þær vel sóttar. Það sem ég hef þó sérstakan áhuga fyrir er að borðtennis sé betur kynntur í skólunum, til að fá fleiri til að stunda þessa skemmtilegu íþróttagrein. Það eykur breiddina og örvar framfarir,“ sagði Daoben. DV-mynd Hson



● Efstir í A-riðli eru þeir Ómar Hilmarsson og Tryggvi Örn Valsson, Stjörnunni. Strákarnir sýndu góða tækni og áttu frábæra leiki. Þeir eiga því örugglega eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni. DV-mynd Hson

Nýir Íslandsmeistarar í borðtennis krýndir á laugardaginn:

# Hjálmtýr meistari í sjöttu tilraun

## – en hin 16 ára Aðalbjörg Björgvinsdóttir í fyrstu atrennu



● Hjálmtýr Hafsteinsson og Aðalbjörg Björgvinsdóttir með Íslandsbikarana eftir úrslitaleikina á laugardaginn.
DV-mynd Brynjar Gauti

Hjálmtýr Hafsteinsson úr KR og Aðalheiður Björgvinsdóttir urðu á laugardaginn Íslandsmeistarar í borðtennis en þá lauk Íslandsmótinu í TBR-húsinu í Reykjavík. Hvorugt hafði áður unnið meistaratitilinn – Hjálmtýr hafði keppt um hann fimm sinnum áður en Aðalbjörg hafði ekki áður leikið til úrslita.

### Sætur og langþráður sigur

„Þetta var sætur og langþráður sigur, sérstaklega vegna þess að ég hef ekki sigrað Tómas í áraraðir og hef alltaf átt í erfiðleikum með hann," sagði Hjálmtýr í samtali við DV eftir sigurinn.

Hjálmtýr sigraði Íslandsmeistara þriggja síðustu ára, Kjartan Briem úr KR, 3-1 í undanúrslitum en Kjartan þótti sigurstranglegastur fyrir mótið. „Mér hefur oft gengið vel með Kjartan, hef haft tak á honum þó hann eigi að vera betri," sagði Hjálmtýr.

Í úrslitum mætti Hjálmtýr félaga sínum úr KR, Tómasi Guðjónssyni, sem hefur níu sinnum orðið Íslandsmeistari. Tómas hafði sigrað Kristján Jónasson úr Víkingi, 3-0, í undanúrslitum. Hjálmtýr hafði alltaf undirtökin í úrslitaleiknum og vann í þremur lotum, 21–19, 21–14 og 21–13, og sýndi oft snilldartilþrif.

„Ég hef æft mjög vel í vetur og spilað vel og Íslandsmótið var hápunktur tímabilsins hjá mér. Ég naut kannski góðs af því að hinir eru í erfiðu prógrammi vegna landsliðsæfinga. Ég þori ekki að lofa því að ég reyni að verja titilinn næsta vetur, ég held áfram meðan ég hef gaman af þessu en það fer orðið mikill tími í íþróttina," sagði Hjálmtýr Hafsteinsson sem er 31 árs gamall.

### Skjótur frami hjá Aðalbjörgu

Aðalbjörg Björgvinsdóttir er aðeins 16 ára gömul og því helmingi yngri en mótherji hennar í úrslitaleiknum, hin gamalreynda Ásta Urbancic úr Erninum. Aðalbjörg vann Hrefnu Halldórsdóttur, Víkingi, í undanúrslitum en Ásta lagði þar að velli Ingibjörgu Árnadóttur, Víkingi.

Þær Aðalbjörg og Ásta þurftu fimm lotur til að úrslit fengjust. Ásta vann fyrst, 21–16, en Aðalbjörg síðan 21–11 og 22–20. Ásta jafnaði í fjórðu lotu, 21–15, en í úrslitalotunni náði Aðalbjörg fljótlega undirtökunum og vann af öryggi, 21–10.

„Þetta var mjög erfiður úrslitaleikur, ég var geysilega stressuð, og það er alltaf erfitt að spila á móti Ástu," sagði Aðalbjörg í samtali við DV eftir úrslitaleikinn. Hún er aðeins á öðru ári í meistaraflokki og hóf að æfa borðtennis fyrir fjórum árum, þannig að frami hennar hefur verið mjög skjótur.

„Þetta er mjög stór áfangi fyrir mig og ég stefni að því að halda áfram og bæta mig. Það háir okkur stelpunum hvað við erum fáar og því þurfum við að gera meira af því að keppa við strákana. Ég reyni að verja meistaratitilinn að ári," sagði Aðalbjörg Björgvinsdóttir.

● Hrafn Árnason, KR, sigraði Ársæl Aðalsteinsson í úrslitaleik í 1. flokki karla, 13-21, 22–20, 21–19.

● Ægir Jóhannsson, HSÞ, sigraði Björn Jónsson, Víkingi, í úrslitum í 2. flokki karla, 21–18, 22–20.

● Guðmunda Kristjánsdóttir, Víkingi, sigraði Rakel Þorvaldsdóttur, UMSB, í úrslitum í 1. flokki kvenna, 21–10, 17–21, 21–19.

● Hjálmtýr Hafsteinsson og Tómas Guðjónsson úr KR sigruðu Kristján Viðar Haraldsson og Kristján Jónasson, Víkingi, í úrslitum í tvíliðaleik karla, 21–18, 18-21, 21–14.

● Eva Jósteinsdóttir og Guðmunda Kristjánsdóttir, Víkingi, sigruðu Elínu Þorsteinsdóttur og Margréti Hermannsdóttur, HSÞ, í úrslitum í tvíliðaleik kvenna, 2-1.

● Hjónin Tómas Guðjónsson, KR, og Ásta Urbancic, Erninum, sigruðu Kjartan Briem, KR, og Aðalbjörgu Björgvinsdóttur, Víkingi, í úrslitum í tvenndarleik, 16–21, 21–18, 21–18.

-VS

## HÁTÍÐARMÓT Í BORÐTENNIS



**Frábærir borðtennismenn á hátíðarmót í borðtennis.**

Borðtennissambandið hefur fengið tvo sterka japanska borðtennismenn á hátíðarmótið í borðtennis.

Koma Japanana er hvalreki á fjörur borðtennismanna.

Það verður því líf og fjör í íþróttamiðstöðinni Garðabæ(litla sal), föstudaginn 29.júní n.k.

ÍÞRÓTTIR DAGUR MAÍ 1992



Hópurinn sem vann nafnbótina „besti borðtennisskóli Íslands" fjórða árið í röð. Fremsta röð f.v: Hermann Daði Hermannsson, Ingi Hrannar Heimisson, Guðmundur Þór Sæmundsson og Ingólfur Jóhannsson. Miðröð f.v: María Jóhannesdóttir, Ingunn Þorsteinsdóttir, Vala Dröfn Björnsdóttir, Elín Þorsteinsdóttir og Sandra Mjöll Tómasdóttir. Aftasta röð f.v: Björn Ingólfsson, skóla- og fararstjóri, Hjördís Sunna Skírnisdóttir, Berglind Bergvinsdóttir og Margrét Ósk Hermannsdóttir.

### Grunnskólamótið í borðtennis:

# Enn sigur hjá Grenvíkingum

**Grenivíkurskóli varð sigurvegari á Grunnskólamótinu í borðtennis sem fram fór í Reykjavík á sunnudaginn og hlaut titilinn „besti borðtennisskóli á Íslandi." Þetta er í fjórða sinn sem keppnin er haldin og hafa Grenvíkingar farið með sigur af hólmi í öll skiptin.**

Keppt var í fjórum flokkum, eldri og yngri, pilta og stúlkna, og sigruðu Grenvíkingar í tveimur, urðu í öðru sæti í þriðja en voru ekki með lið í þeim fjórða.

Gefin eru stig fyrir árangur í hverjum flokki og hlaut Grenivíkurskóli flest stig.

Í eldri flokki stúlkna sigraði Grenivíkurskóli, Seljaskóli varð í 2. sæti og Reykholtsskóli Biskupstungum í 3. sæti. Í eldri flokki pilta sigraði Seljaskóli, Hlíðaskóli varð í 2. sæti og Lundarskóli Öxarfirði í 3. sæti. Í yngri flokki stúlkna sigraði Grenivíkurskóli, Breiðagerðisskóli varð í 2. sæti og Ártúnsskóli í 3. sæti og í yngri flokki pilta sigraði Hlíðaskóli, Grenivíkurskóli varð í 2. sæti og Reykholtsskóli í 3. sæti.



UPPSKERUHÁTÍÐ

# Kristján Jónasson borðtennismaður Víkings

Uppskeruhátíð borðtennisdeildar Víkings fór fram um síðustu helgi í íþróttahúsi Víkings. Fjölmennt var á uppskeruhátíðinni og var margt til skemmtunar.

Borðtennismaður Víkings var valinn Kristján Jónasson. Efnilegasti borðtennismaður Víkings var valinn hinn ungi Sigurður Jónsson. Ingólfur Ingólfsson þótti sýna mestu framfarirnar á tímabilinu.

Íslandsmeistarar Víkings í borðtennis fengu viðurkenningu en borðtennismenn frá Víking unnu alls 23 Íslandsmeistaratitla á síðasta keppnistímabili. Landsliðsmenn Víkings voru heiðraðir. Þeir sem unnu sig upp um flokk fengu viðurkenningu.

Bikarmeistarar Íslands fengu viðurkenningu, þau Kristján Jónasson, Aðalbjörg Björgvinsdóttir og Kristján V. Haraldsson.



Landsliðsmenn Víkings, f.h. Guðmundur E. Stephensen, Sigurður Jónsson, Kristján Jónasson, Ingólfur Ingólfsson, Kristján V. Haraldsson, Björn Jónsson, Guðmunda Kristjánsdóttir, Aðalbjörg Björgvinsdóttir og Eva Jósteinsdóttir.

BORÐTENNIS / DANMÖRK



Kjartan Briem

# Kjartani gengur ágætlega

Kjartani Briem, borðtennisleikara, hefur gengið vel í Danmörku þar sem hann er við nám í rafmagnsverkfræði. Kjartan hefur leikið með Bronshøj en félagið hefur verið með tvö lið í 3. deild og eitt í þeirri fyrstu. Kjartan hefur leikið í 3. deild en á morgun leikur hann fyrsta leik sinn í 1. deild og mætir danska meistaranum Alan Bentsen.

„Ég er svona að koma til og hef staðið mig vel í 3. deildinni þannig að ég var valinn í 1. deildar liðið fyrir leik helgarinnar við Hørning, sem er í efsta sæti, alla vega fyrir þessa umferð," sagði Kjartan.

„Mitt lið kom upp úr 2. deildinni í fyrra og er nú í 6. sæti. Ég er í sæmilegri æfingu en eftir jól ætla ég að æfa miklu betur því þá verður minna að gera hjá mér í skólanum. Það er dálítið öðruvísi að æfa hér en heima, það er einhvern vegin meiri alvara í æfingunum heima. Danir eru svo léttir og taka hlutunum ekki of alvarlega. Það kemur reyndar á móti að hér er meira af góðum spilurum þannig að maður þarf ekki að æfa eins mikið til að vera í góðri æfingu," sagði Kjartan.

BORÐTENNIS



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

**Bikarbros KR-inga**

Sigursveit KR í bikarkeppni Borðtennissambandsins; frá vinstri: Tómas Guðjónsson, Jóhannes Hauksson, Elín Eva Grímsdóttir og Peter Nilsson með sigurbros á vör eftir sigurinn á Víkingum á mánudagskvöld.

# KR-ingar bikarmeistarar

Lið KR varð bikarmeistari í borðtennis 1993; sigraði Víking í úrslitaleik, 4:3, á mánudagskvöldið í hörkuspennandi og jöfnum leik. Staðan var 3:3 fyrir síðasta leik, þannig að þar var um hreinan úrslitaleik að ræða. Svíinn Peter Nilsson, þjálfari og leikmaður með KR, tryggði félaginu sigur með því að leggja Kristján Jónasson í síðasta einliðaleiknum.

Annars urðu úrslit sem hér segir (KR-ingar taldir á undan þar sem þeir voru á heimavelli): Tómas Guðjónsson tapaði fyrir Kristjáni Jónassyni 21:17, 13:21 og 17:21. Peter Nilsson sigraði svo Kristján Viðar Haraldsson 21:9, 21:15 og Elín Eva Grímsdóttir tapaði fyrir Aðalbjörgu Björgvinsdóttur 18:21, 16:21. Í tvíliðaleik höfðu svo Peter Nilsson og Jóhannes Hauksson betur gegn Kristjáni Jónassyni og Kristjáni Viðari Haraldssyni 21:14, 21:18. Elín Eva og Peter sigruðu Aðalbjörgu og Kristján Jónasson 21:19, 24:22. KR var þar með komið 3:2 yfir en Tómas Guðjónsson tapaði fyrir Kristjáni Viðari Haraldssyni, 21:18, 18:21, 22:24. Um hreinan úrslitaleik var því að ræða í lokin, og Peter Nilsson sigraði Kristján Jónasson, 21:12, 21:12.

23.02.93

1. deildin í borðtennis:

# KR stefnir á 18. titil sinn í röð

KR hefur örugga forystu í 1. deild karla í borðtennis nú þegar keppni í deildinni er hálfnuð að undanskildum leik A-liðs Arnarins og C-liðs Víkings sem var frestað. KR-ingar, sem eru núverandi Íslandsmeistarar, hafa unnið alla leiki sína í deildinni, nú síðast gegn A-liði Víkings, 6-4, í æsispennandi leik. Lið KR stefnir nú á sinn átjánda sigur í röð sem eflaust er einsdæmi í flokkakeppni á Íslandi. Leikmenn liðsins eru þeir Hjálmtýr Hafsteinsson, Jóhannes Hauksson, Peter Nilsson og Tómas Guðjónsson.

Það lið sem mest hefur komið á óvart er hið unga og efnilega C-lið Víkings. Þeir sigruðu A-lið Víkings í hörkuleik, 6-4, fyrr í vetur. A-lið Víkings hefur meðal annarra innanborðs Íslandsmeistarann Kristján Jónasson. Leikmenn C-liðsins eru þeir Guðmundur Stephensen, Ingólfur Ingólfsson, Ólafur Eggertsson og Sigurður Jónsson. Þeir hafa sótt mjög í sig veðrið í vetur síðan þeir töpuðu 1-6 fyrir KR í sínum fyrsta leik í deildinni og eru nú til alls líklegir í síðari umferðinni. Leikur þeirra gegn KR í janúar verður væntanlega einn af úrslitaleikjum mótsins.

**Úrslit leikjanna hafa verið sem hér segir:**

Víkingur A – Víkingur B 6-0, Víkingur C – KR 1-6, Örninn A – Örninn B 6-3, KR – Örninn B 6-0, Víkingur C – Víkingur A 6-4, Örninn A – Víkingur B 6-3, KR – Örninn A 6-0, Víkingur B – Víkingur C 1-6, Örninn B – Víkingur A 0-6, Víkingur A – Örninn A 6-1, Víkingur B – KR 0-6, Örninn B – Víkingur C 0-6, Víkingur A – KR 4-6, Víkingur B – Örninn B 6-3.

**Staðan í 1. deild karla:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 5 | 5 | 0 | 0 | 30-5 | 10 |
| Víkingur C | 4 | 3 | 0 | 1 | 19-11 | 6 |
| Víkingur A | 5 | 3 | 0 | 2 | 19-11 | 6 |
| Örninn A | 4 | 2 | 0 | 2 | 13-18 | 4 |
| Víkingur B | 5 | 1 | 0 | 4 | 10-27 | 2 |
| Örninn B | 5 | 0 | 0 | 5 | 6-30 | 0 |

-BL

08.03.93



EM í borðtennis:

# Kjartan vann alla leikina á Guernsey

– sjá bls. 23




L.A. Café-borðtennismót:

# Unglingarnir stóðu sig vel

LA-mót borðtennisdeildar Víkings fór fram 30. desember í TBR-húsinu. Mótið var fjölmennt og tókst vel í alla staði. Sérstaklega athygli vakti góð frammistaða ungu spilaranna.

Guðmundur Stephensen, hinn 9 ára Víkingur, varð í 2. sæti í meistaraflokki og í 3.–4. sæti í 1. flokki. Sigurður Jónsson, Víkingi, er 14 ára og vann í 1. flokki. Einnig er frammistaða Ólafs Stephensen, Víkingi, góð, en hann sigraði í 2. flokki. Ólafur er 15 ára.

-Hson

**Tveir snjallir borðtennisleikarar úr Víkingi. Frá vinstri Davíð S. Jóhannsson, en hann varð í 3.–4. sæti í 2. flokki, og Guðmundur Stephensen, 9 ára og einnig í Víkingi, en hann varð í 2. sæti í meistaraflokki og í 3.–4. sæti í 1. flokki.**

**DV-mynd Hson**

# Sigursælir bræður

Þeir bræður Elvar og Stefán Thorarensen voru svo sannarlega klyfjaðir verðlaunum eftir lokahóf Íslandsmótsins enda höfðu þeir unnið flestar þeirra greina sem þeir tóku þátt í. Elvar hlaut Hængsbikarinn að þessu sinni en hann er veittur þeim sem stendur sig best frá Íþróttafélaginu Akri frá Akureyri, ÍFA. Í fyrra var það Stefán sem hlaut bikarinn en þeir bræður hafa unnið þennan bikar í öll skiptin utan eins frá því 1983 er Hængsmótið byrjaði. Blaðamaður hitti þá bræður að máli og spurði þá fyrst hvaða greinar þeir leggðu stund á.

„Ég stunda borðtennis og boccia og bogfimi,“ sagði Elvar „og ég stunda borðtennis og boccia“ skaut Stefán inní. „Við höfum æft nokuð vel í vetur og erum því í góðri þjálfun. Við leggjum mikla áherslu á borðtennis og í vetur höfum átt þess kost að æfa með strákum sem eru í landsliðinu, en þeir hafa verið með okkur einu sinni í viku og hefur það hjálpað okkur mikið.“

Hvernig finnst ykkur staðið að íþróttum fyrir fatlaða á Akureyri?

„Það er vel að þeim málum staðið en það mættu fleiri láta sjá sig á æfingum. Það er búinn að vera sami kjarninn sem hefur verið í þessu undanfarin ár. Við vitum að það eru fleiri sem ættu með okkur samleið en hafa ekki komið og viljum við hvetja sem flesta til þess að koma og æfa með fötluðum. Það hafa allir gott af því að stunda íþróttir og svo er félagsskapurinn mjög skemmtilegur,“ sögðu þeir bræður.



**Bræðurnir** Elvar og Stefán Thorarensen.

**BORÐTENNIS**

## Stóra Víkingsmótið

Stóra Víkingsmótið í borðtennis fór fram í TBR-húsinu á laugardaginn. Keppendur voru frá Víkingi, Erninum, KR, Stjörnunni og UMSB.

**Meistaraflokkur karla:**
Kjartan Briem, KR
Tómas Guðjonsson, KR
Hilmar Konráðsson, Víkingi
Hjálmtýr Hafsteinsson, KR

**Meistaraflokkur kvenna:**
Auður Þorláksdóttir, KR
Berglind Jónsdóttir, KR
Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Víkingi
Hrefna Halldórsdóttir, Víkingi

**1. flokkur karla:**
Pétur Ó. Stephensen, Víkingi
Sigurbjörn Sigfússon, Víkingi
Ragnar Ragnarsson, Erninum
Gunnar Birkisson, Erninum

**1. flokkur kvenna:**
Ingibjörg Árnadóttir, Víkini
Hrafnhildur Sigurðardóttir, Víkingi
Guðmunda Kristjánsdóttir, Víkingi
Eva Jósteinsdóttir, Víkingi

**2. flokkur karla:**
Arnór Gauti Helgason, Víkingi
Hörður Birgisson, UMSB
Helgi Gunnarsson, Víkingi
Ólafur Gunnarsson, Víkingi

Mbl. 18.4.

## Svíar meistarar í borðtennis

Svíar sigruðu Vestur-Þjóðverja, 5-2, í úrslitaleik Evrópumeistaramótsins í Gautaborg og vörðu þar með titilinn frá því í fyrra. Ungverjar sigruðu Tékka, 3-0, í úrslitaleik í kvennaflokki. Englendingar hrepptu bronsið í karlaflokki en Júgóslavar í kvennaflokki.

Borðtennisdeild KR:

## Ræður sænskan þjálfara

Peter Nilsson, 26 ára gamall Svíi, hefur verið ráðinn þjálfari hjá borðtennisdeild KR fyrir komandi keppnistímabil og mun hann jafnframt leika með 1. deildar liðinu.

Nilsson kemur frá Malmö í Svíþjóð og hefur leikið í 7 ár í sænsku úrvalsdeildinni með Malmö FF en frá 1987 hefur hann verið þjálfari og leikmaður með Akarps BTK frá Malmö.

Besti árangur Nilssons á sænska meistaramótinu er 3. sæti í tvíliðaleik árið 1989 en þá unnu hann og félagi hans hinn heimsfræga Mikael Applegren og annan til í úrslitum um bronsið.

-VS

DV · 30.09.92



**Desmond Douglas og Aðalbjörg Björgvinsdóttir með sigurlaun sín á Landsbankamótinu.** **DV-mynd Brynjar Gauti**

## Öruggt hjá Douglas

Englendingurinn Desmond Douglas vann öruggan sigur í karlaflokki á Landsbankamótinu í borðtennis sem fram fór í íþróttahúsi Kennaraháskólans á laugardaginn. Douglas vann Goran Wranå frá Svíþjóð í úrslitaleik, 21–11 og 21–18. Aðalbjörg Björgvinsdóttir vann Ástu Urbancic, 21–7 og 22–20, í úrslitaleik í kvennaflokki.

Douglas er ellefufaldur enskur meistari og sigraði í keppni 12 bestu borðtennismanna í Evrópu árið 1987. Wranå varð Evrópumeistari unglinga með liði Svía 1986 og er sá tíundi besti í Svíþjóð í dag.

Wranå hljóp á síðustu stundu í skarðið fyrir Thomas Von Scheele, landa sinn, sem veiktist, en hann er heimsmeistari í tvíliðaleik.

Douglas vann Peter Nilsson, hinn sænska þjálfara KR, 21–12 og 21–9, í undanúrslitum og Wranå vann þá Kristján Jónasson, 21–11 og 21–16.

Sextán karlar og fjórar konur kepptu á mótinu sem er árlegt boðsmót á vegum Borðtennissambandsins.

-VS

DV/15.02.93

BORÐTENNIS



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

## Bikarbros KR-inga

Sigursveit KR í bikarkeppni Borðtennissambandsins; frá vinstri: Tómas Guðjónsson, Jóhannes Hauksson, Elín Eva Grímsdóttir og Peter Nilsson með sigurbros á vör eftir sigurinn á Víkingum á mánudagskvöld.

EM í borðtennis:

## Aðeins tap gegn Kýpur

Íslenska landsliðið í borðtennis tók um helgina þátt í Evrópukeppni landsliða, 3. deild-B á Guernsey. Ísland lék í riðli með Guernsey og Lichtenstein. Sigur vannst í báðum leikjunum, gegn Guernsey 6–1 og gegn Lichtenstein, 5–2.

Í undanúrslitum var leikið gegn Möltu. Leikurinn var hnífjafn og spennandi og lauk með sigri Íslands, 4–3. Sigurvegarar í hinum riðlinum voru lið Kýpur og úrslitaleikurinn því viðureign Íslands og Kýpur. Leikurinn var mjög jafn og eftir fjóra leiki var staðan jöfn, 2–2. Kýpurbúar breyttu stöðunni í 2–4 með naumum sigrum. Ísland vann síðasta leikinn og lokatölur því 3–4.

Kjartan Briem stóð sig mjög vel á mótinu og vann alla leiki sína í einliðaleik. Kjartan var því maður mótsins. Kristján Jónasson átti einnig mjög góða leiki og sigraði í 5 af 8 leikjum sínum. Aðalbjörg Björgvinsdóttir átti við erfiða andstæðinga að etja og tapaði sínum leikjum í einliðaleik. Í tvenndarleik með Kjartani stóð hún sig hins vegar mjög vel og unnu þau 2 af 4 leikjum sínum. Kjartan og Kristján unnu 3 af 4 leikjum sínum í tvíliðaleik. -SK

BORÐTENNIS

# Víkingar mæta Valdegg Linz

Víkingar, sem eru bikarmeistarar í borðtennis, munu að öllum líkindum taka þátt í Evrópukeppni bikarhafa í borðtennis í ár en ekkert íslenskt lið hefur tekið þátt í Evrópukeppnum síðustu fimm ár. Í gær var dregið í keppninni og eiga Víkingar heimaleik 4. september gegn austurríska liðinu Valdegg Linz.

„Við töldum að leikurinn yrði í október en byrjun september er of snemmt, við verðum ekki komnir í æfingu nema við byrjum strax að æfa á fullu. Við erum að reyna að fá leiknum frestað og íhuguðum að hætta við allt saman en munum líklega láta slag standa", sagði Pétur Stephensen, formaður borðtennisdeildar Víkings.

Austurríska landsliðið spilar í 1. deild en Íslendingar í þriðju. Hinsvegar eru tveir Kínverjar með austurrískan ríkisborgararétt í landsliði þeirra en þeir spila nú sem atvinnumenn í Þýskalandi. „Við vitum lítið um liðið, þeir gætu þess vegna verið lélegri en við því Víkingar hafa þrjá landsliðsmenn innanborðs", sagði Pétur.

8.8.92



Aðalbjörg Björgvinsdóttir úr Víkingi og Kjartan Briem úr KR urðu á laugardaginn Íslandsmeistarar í borðtennis. Sjá nánar um Íslandsmótið á bls. 24.
DV-mynd ÞÖK